


Akureyjar

Aðalskráning fornleifa



Stefán Ólafsson (ritstj.)

Höfundar efnis:

Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Uggi Ævarsson



Reykjavík 2009
FS431-08052

Ljósmynd á forsíðu er af gamla bæjarhólnum í Akureyjum (Ljósmyndari: óþekktur).

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími 551 1033

Fax 551 1047


Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur.....	4
II. Byggðasaga.....	7
III. Mynjarnar.....	11
IV. Um fornleifaskráningu og löggjöf.....	13
V. Hvernig fornleifaskráin er byggð upp.....	15
VI. Fornleifaskrá.....	17
VII. Heimildir.....	60
VIII. Kort.....	61

I. Inngangur

Akureyjar eru eyjaklasi sem liggur um 5 km úti fyrir Skarðsströnd, nokkru utan við mynni Gilsfjarðar. Í klasanum eru um 30 eyjar og grashólmar. Akureyjar þóttu fremur þægilegar til búskapar miðað við aðrar Breiðafjarðareyjar og var helsta ástæða þess sú að þær eru skammt frá landi. Þá er heimaeyjan, sem er að jafnaði kölluð Bæjarey, en nefnist einnig Ytri-Akurey, í miðjum eyjaklasanum og nýtur því nokkurs skjóls af minni eyjunum sem liggja umhverfis hana. Þriðja ástæða þess að Akureyjar þóttu góðar til búsetu er að þær liggja þétt saman svo að gengt er á milli sumra eyjanna á fjöru (Árni Björnsson 1989, bls. 130-134). Stærstu eyjarnar í klasanum eru Ytri- og Innri-Akureyjar, er eiði á milli þeirra sem gengt er á fjöru. Aðrar eyjar sem bera nöfn eru: Lyngey, Höfn, Hafnarhólmi, Vaktey, Vakteyjarhólmi, Björgólfsey, Helgey, Hrappsey, Skjaldarey, Klofrífur, Vesturey, Magáll, Tjaldsker og Kýrauga. Þá eru þrjár eyjar til viðbótar í klasanum sem saman nefnast Arnórseyjar en bera einnig sérnöfn: Seley, Miðey og Suðurey.



Mynd 1. Akureyjar séðar úr lofti (Ljósmynd: Landmælingar Íslands)

Það var í septembermánuði, nánar tiltekið 8. – 10. september 2008, sem fjórir fornleifafræðingar, Garðar Guðmundsson, Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Uggi Ævarsson, fóru til Akureyja í þeim tilgangi að skrá fornleifar. Eigendur Akureyja

leyfðu góðfúslega afnot af íbúðarhúsinu og Björn Samúelsson á Reykhólum sá um flutninga til og frá eyjunni. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Skráning fornleifa í Akureyjum var samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna. Áður en hafist var handa við að aðalskrá fornleifar í eyjunum fór fram svæðisskráning. Í slíkri skráningu er leitast við að yfirfara allar þær ritheimildir sem geta gefið vísbendingar um fornleifar og forna búskaparhætti á hverjum stað. Slíkar heimildir eru t.d. gömul túnakort, örnefnalýsingar, Íslenskt fornbréfasafn, Íslendingasögur og Biskupasögur, manntöl og jarðabækur s.s. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Af yngri heimildum sem nýttust vel við skráningu á Akureyjum má t.d. nefna uppdrátt af eyjunum, sem teiknaður var 1977 og sýnir staðsetningu margra fornleifa þar. Um svæðisskráninguna sáu fornleifafræðingar Þóra Pétursdóttir og Vala Garðarsdóttir.

Við vettvangsskráningu voru allar þekktar fornleifar á eyjunum heimsóttar, þeim lýst í texta og af þeim teknar myndir. Oftast var líka gerður uppdráttur af þeim, sér í lagi ef um tóftir var að ræða. Áður en skráningarvinan hófs var rætt við Lilju Gunnarsdóttur og Birgi Bjarnason sem eru staðkunnug í eyjunum. Örnefnakortin í skýrslunni eru einnig unnin í samvinnu við þau og er það mikill kostur fyrir rannsóknina að hafa slík kort því þau auka enn frekar á upplýsingagildi hennar. Eru þeim Birgi og Lilju færðar góðar þakkir fyrir.

Samtals voru skráðir 70 minjastaðir í Akureyjum. Flestar minjar eru á Ytri-Akurey eða Bæjareynni, eru 16 minjastaðir innan túngarðs en 14 eru utan hans, samtals 31 minjastaður. Frá Ytri-Akurey er gengt út í Innri-Akurey, Kýrauga og jafnvel Magál. Átta minjastaðir eru á Innri-Akurey og þar eru einnig akrar þeir eyjurnar draga nafn sitt af. Tveir minjastaðir eru á Kýrauga og einn á Magál. Aðrar eyjar í klasanum hafa síðan flestar bara einn til tvo minjastaði með tveimur undantekningum – Lyngey með sex minjastaði og Björgólfsey sem hefur fjóra minjastaði.

Við fornleifaskráninguna fundust frekar fáar minjar sem hægt var með afgerandi hætti tengja við sjósókn og þótti okkur það nokkuð athyglisvert. Til að mynda fundust engar minjar um þurkhjalla svipuðum þeim sem fundust í Hergilsey. Til sjávarútvegsminja skal helst nefna Steingerði en svo nefnist bryggjan í Akureyjum og var hún hlaðin í tíð Friðriks Eggerz um eða eftir miðja 19. öld. Hvort þetta bendi til að eyjarnar hafi fyrst og fremst gengt hlutverki landbúnaðar og útbeitar á fyrri öldum er þó erfitt að fullyrða nokkuð um en verður þó að teljast nokkuð sennilegt. Annað

sem kom á óvart við skráninguna, var hve lítið af fornleifum leyndust í öðrum eyjum en Ytri og Innri-Akurey. Ástæðan fyrir þessu kann að vera stopul byggð í eyjunum eins og nánar verður fjallað um í stuttum byggðasögukafla sem fylgir hér á eftir.

Skýrsla þessi er þannig uppbyggð að á eftir kafla um byggðasögu fylgir kafli um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd og á eftir honum kemur svo sjálf fornleifaskráin. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort af eyjunum þar sem staðsetning fornleifa er sýnd og þá heimildaskrá.

II. Byggðasaga

Fornar ritheimildir um elstu byggð á Akureyjum eru af skornum skammti. Akureyja er fimm sinnum getið í Sturlungu: fjórum sinnum er eyjanna getið í Íslendingasögu og einu sinni í Þórðar sögu Kakala.

Eyjanna er fyrst getið í tengslum við atburði sem áttu að gerast árið 1185 og standa í sambandi við eignaskiptingu á eyjunum (Sturl I, bls. 230). Síðar er þeirra getið í tengslum við bardaga sem samkvæmt sögunni átti sér stað 1222 við Ísfirðingagil. Forsaga málsins átti að hafa verið sú að Helga nokkur Ásgrímsdóttir eignaðist barn framhjá manni sínum, Bergþóri Jónssyni, með Bárði Snorrasyni. Bergþóri þótti skömm til og til að fá uppreisn æru ákvað hann í félagi við nokkra menn að drepa bróður Bárðar. Sá var ekki ómerkari maður en Þorvaldur Snorrason Vatnsfirðingur sem bjó í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Leikar fóru svo að hinum kokkálaða eiginmanni og félögum var stökkt á flóttu af Vatnsfirðingum. Og komust Bergþór ásamt Einari nauti Gamlasyni út í Akureyjar (Sturl I, bls. 294-297). Í þriðja og fjórða skiptið sem Akureyja er minnst í Íslendinga sögu er það í tengslum við hesta Órækju Snorrasonar sem í sögunni notaði eyjarnar sem úthaga fyrir hesta sína, án þess þó að fá leyfi landeiganda fyrir því (Sturl I, bls. 379-382). Í fimmta skiptið sem Akureyja er getið í Sturlungu er það í sögu Þórðar Kakala. Af þeirri einu setningu sem nafn eyjanna koma fyrir í má helst draga þá ályktun að í eyjunum hafa verið geymd skip: „En Björn Kægill ok Jón Árnason váru í Tjaldanesi ok reru innan til Akreyja ok ætluðu at taka skip þau, sem þar váru. En er þeir kómu fyrir lendinguna, þá sáu þeir menn hlaupa með vápnum uppi um eyna ok upp um Kýrauga.”¹ (Sturl II, bls 30). Hvort skipin hafi verið þar í skemmri eða lengri tíma kemur hvergi fram. Ekki er að finna nokkra vísbendingu í Sturlungu um að í Akureyjum hafi verið búið þegar sagan var rituð. Það þarf þó að hafa það í huga að þó að Sturlunga nefni ekki bæ þar þá er ekki þar með sagt að hann hafi ekki verið þar. Fremur má þó ætla af sögunni að að þær hafi ekki verið í byggð. Hafi verið nýttar annars staðar frá og þar sem lending þar virðist hafa verið hæg, hafa eyjarnar verið mikil búbót þeim er áttu.

Akureyja er ekki getið í Íslensku fornbréfasafni og í raun finnast ekki heimildir um eyjarnar fyrr en komið er fram á 18. öld. Því veita ritaðar heimildir í raun litlar upplýsingar um hvenær eyjarnar komust fyrst í byggð eða hvort búseta þar var stöndug á fyrri öldum.

¹ Kýrauga sem hér er nefnt er í Brunnvogi en í botni vogsins hefur verið einn aðallendingarstaður Akureyja (sjá minjastað DA-169:016).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er jörðin metin á 40 hundruð (JÁM VI, bls. 142) og telst það mjög hátt jarðamat, sér í lagi í samanburði við aðrar eyjar á Breiðafirði og er aðeins Flatey metin hærri (eða á 80 hundruð samkvæmt sömu heimild). Hár dýrleiki eyjanna gæti bent til langvarandi búsetu á þessum slóðum en hafi eyjarnar ekki verið í samfelldri byggð um aldaradur þá verður að teljast líklegast að skortur á fersku vatni hafi þar spilað stærstan hlut enda var ferskvatnsleysi stærsti galli eyjanna og kannski það atriði sem haft hefur hvað mest áhrif á búsetu í eyjunum (JÁM VI, bls. 143). Aðrar eyjar hafa einnig glímt við vatnsskort. Má þar nefna Hvalgrafir og Rúfeyjar, en til Rúfeyja varð til dæmis að flytja vatn úr landi (JÁM VI, bls. 140 og 144).

Þegar þeir Árni og Páll rita Jarðabók sína búa þrír bændur í Akureyjum og eru þeir allir leiguliðar. Með þessum bændum búa svo um 16 einstaklingar og búa því samanlagt 19 manns í eyjunum árið 1703 (JÁM VI, bls. 143). Ekkert er á það minnst í Jarðabókinni að ábúð sé stopul í eyjunum eða að hún sé nýlega uppbyggð. Þá, eins og sennilega oft áður og síðar, var eyjan í eigu nokkurra einstaklinga en stærstan part hennar hefur þó átt Bergur Benediktsson á Eyrarbakka.

Árið 1731 var tekið saman annað jarðatal af Ormi Daðasyni og var það rit kallað *Jarðabók yfir Dalasýslu*. Í því riti kemur fram að Akureyjar eru í auðn frá 1708 til þess dag er ritið var tekið saman (Ormur Daðason 1965, bls. 39).

Í ævisögu Magnúsar Ketilsonar eftir Þorstein Þorsteinsson er getið um Þorstein nokkurn Bjarnason sem leigði helming Akureyja árið 1709. Seinna eignaðist hann allar eyjurnar en virðist aldrei hafa búið þar. Eyjurnar notaði hann sem úthaga fyrir fé sitt allt árið um kring en virðist ekki hafa hirt neitt um fé sitt né haft fyrir það hús og varð stundum fjárfellir hjá honum sökum þessa (Þorsteinn Þorsteinsson 1935, bls. 27). Ekki kemur það skýrt fram að eyjurnar hafi verið í eyði þegar Þorsteinn átti þær en frásögnin bendir þó til að svo hafi verið og samkvæmt Jarðabók Orms voru þær a.m.k. í eyði frá 1708-1731 (Ormur Daðason 1965, bls. 39).

Næsta þekkta heimild sem getur um ábúð í Akureyjum er öld yngri en Jarðabók Árna og Páls eða frá árinu 1803. Þá eru eyjarnar í eigu Magnúsar Ketilssonar sýslumanns og er þeirra getið í erfðaskrá hans. Þar arfleiðir hann syni sína Sigmund og Jón að öllum eyjunum. Hvor fær 20 hundruð í sinn hlut (Friðrik Eggerz 1950, bls. 143). Sigmundur flytur út í eyjarnar 1812 með konu sinni Valgerði og bjó

þar í rúm 20 ár (Friðrik Eggerz 1952, bls. 71).² Í búskapartíð Sigmundar og Valgerðar brann bærinn í Akureyjum (Friðrik Eggerz 1950, bls. 194). Bærinn var endurreistur og bjó Sigmundur í eyjunum til 1835 en Valgerður kona hans lést 1834. Eftir að Sigmundur hætti búskap í eyjunum fjarlægði hann allt timburverk úr bænum og flutti það með sér í land (Friðrik Eggerz 1952, bls 73-78).

Í sóknarlýsingu frá 1842 sem rituð er af Krisjáni Magnússen sýslumanni kemur fram að eyjarnar hafi verið byggðar til fárra ára (Sýslu- og sóknarlýsingar, bls. 147). Á höfundur þar væntanlega við búsetu Sigmundar og Valgerðar í eyjunum sem stóð þar frekar stutt yfir. Hann segir enn fremur á sama stað að eyjarnar teljist til arðsömustu Breyðafjarðareyja.

Frá því að Sigmundur flytur úr Akureyjum og þangað til að Friðrik Eggertz flytur út í eyjarnar, árið 1851, virðist engin hafa búið þar og er bærinn kominn að falli þegar Friðrik kemur í eyjarnar með fjölskyldu sinni (Friðrik Eggerz 1952, bls. 260). Má vera að þessi stöpula búseta á 19. öld sé einhverju leyti lýsandi fyrir sögu búsetu í eyjunum allt frá upphafi.

Atriði sem gætu bent til fornrar búsetu í eyjunum væri ef fundist hefði þar tóft af mögulegu bænhúsi. Jarðarmat Akureyja er það hátt eða um 40. hundruð að vel mætti gera ráð fyrir að þar hafi staðið bænhús (Orri Vésteinsson 1998, bls. 162). Engar heimildir eru til um slíkt hús né minjar sem benda til þess, og ekki eru til neinar sagnir um að þar hafi fundist mannabein sem gæti bent til þess að þar hefðu menn verið grafnir. Hvað varðar aðrar tóftir í Akureyjum þá var ekki hægt að sjá neinn greinilegan mun á milli tófta á þann hátt að segja mætti með líkum hvaða tóftir gætu verið yngri eða eldri en aðrar. Helst verður að gera ráð fyrir því að yngri hús hafi verið byggðar á grunni eldri húsa og því verða ekki eldri minjar greindar.

Hvorki er minnst á Akureyjar í manntali frá 1801 né heldur í manntali frá 1845 en það þýðir þó ekki að fullvíst sé eyjarnar hafi verið í eyði heldur getur alveg eins verið að þar hafi búið leiguliðar. Engu að síður virðist ljóst að á síðari öldum þegar heimildir geta um ábúð í eyjunum að þá hefur ábúð í eyjunum verið frekar stopul.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 eru Akureyjar taldar til Saurbæjarsveitar (JÁM VI, bls. 142) en í Jarðartali Johnsen frá 1874 eru eyjarnar taldar með Skarðsstrandarhreppi (Johnsen 1847, bls. 170). Ekki er ljóst af hverju þetta

² Þess má geta að Valgerður þessi var systir séra Eggerts sem var faðir Friðriks Eggertz sem seinna byggði mikið myndar býli á Akureyjum.

er ósamræmi stafar. Í bæjartali sem tekið var saman 1930 kemur fram að Akureyjar tilheyra Skarðshreppi (Bæjartal á Íslandi 1930, bls. 22). Skarðshreppur varð til 1918 þegar Skarðsstrandarhreppi var skipt í Klofningshrepp og Skarðshrepp.

Yngstu heimildir um búsetu í Akureyjum eru frá 20. öld. 1930 eru 13 einstaklingar skráðir þar til heimilis (Bæjartal á Íslandi 1930, bls. 22). Síðasti bóndinn í Akureyjum var Tómas Jónsson frá Elvogum. Hann bjó í eyjunum frá lokum seinna stríðs, eða frá 1945 og til 1954 (Árni Björnsson 1989, bls. 134). Eftir að búskap hans lauk féllu eyjarnar í eyði en hafa síðar verið nýttar sem sumardvalastaður.

III. Mynjarnar

Eins og áður hefur komið fram voru skráðir 70 minjastaðir í Akureyjum. Þar af eru 40 minjastaðir á Ytri-Akurey eða á Bæjareynni. 17 minjastaðir eru innan túngarðs en 12 utan túngarðs og fertugasti minjastaðurinn er svo túngarðurinn sjálfur. Af þeim 16 minjastöðum sem eru innan túngarðs eru 13 sem með öruggum hætti tengjast landbúnaði, tveir sem tengjast sjósókn og einn sem gæti tengst hvoru tveggja. Þeir tveir minjastaðir sem hér er minnst á og tengjast sjósókn er að sjálfsgöðu höfnin Seingerður 018 og svo Grútarhús 004. Útihús 002 er mjög nálægt sjó og nærri höfninni 018 og því má vel vera að það hafi verið brúkað við sjósókn eins og landbúnað. Upplýsingarnar um Steingerði 018 eru komnar úr 20. aldar heimild sem segir frá hver lét byggja höfnina og því er aldur hennar nokkurn veginn þekktur. Ekkert er þó vitað um það hvort þar stóðu önnur mannvirki fyrir. Af þeim 12 minjastöðum sem eru utan túngarðs er það helst að segja að þrír þeirra tengjast sjó með nokkuð öruggum hætti. Þetta eru tvær vörður (047 og 048) sem sennilega hafa verið notaðar sem mið við veiðar eða sjóumferð og svo lending (016) fyrir báta í Brunnvogi. Tóft 021 stendur mjög nærri sjó og snýr op hennar niður í fjöruborðið og því má einnig áætla að hún tengist sjósókn. Þeir átta minjastaðir sem eftir er að nefna tengjast landbúnaði. Þar ber helst að nefna fjögur gerði (051, 057, 060 og 061) sem munu þó hafa ólík hlutverk. Gerði 051 og 060 liggja í frekar jöfnu landi og afmarkast af garðlagi á allar hliðar og má því ætla að hafi verið notuð sem aðhald eða nátthagi. Gerði 057 og 060 afmarka land sem hallar nokkuð niður að sjó. Afmarkar sjórinn svæðin á móts við garðlögina. Er freistandi að áætla að þessi afmörkuðu svæði hafi verið notuð sem akrar því að þarna hentar landið ekki fyrir skepnuhald. Fjórir minjastaðir tengjast svo heyskap. eru þetta tveir áveitugarðar (025 og 058) og tvær tóftir sem sennilega hafa verið brúkaðar sem heystæði (049 og 050).

Minjastaði er einnig að finna á Innri-Akurey, Lyngey, Björgólfsey, Seley, Vaktarey, Höfn, Magál og Kýrauga. Kýrauga mætti í raun telja með Ytri-Akurey því þetta er bara lítið sker inn í Brunnvogi og er gengt á milli á fjöru. Þar er varða (012) og lítil tóft (010) sem ekki er vitað í hvaða tilgangi var hlaðin. Sama má segja um Magál, hún er rétt suðaustan við höfnina (018) á Ytri-Akurey. Á henni er að finna garðlag (065) sem ekki er að fullu ljóst hvaða tilgang hafði. Af þeim eyjum sem taldar voru hér upp að ofan eru flestir minjastaðirnir á Innri-Akurey eða átta talsins. Á Innri-Akurey eru akrar (007) þeir sem eyjarnar eiga að draga nafn sitt af. Tvær tóftir (031 og 052) eru þar einnig í eyinni en ekki er alveg hægt að segja nákvæmlega til um

hlutverk þeirra. Staðsetning þeirra bendir þó til þess að þær hafi verið notaðar við landbúnað. Tvenn garðlög (054 og 055) eru þar í eygni í mýrlendi sem hafa væntanlega verið hlaðin til að auka grasfeng þar. Að lokum eru þar svo tvær vörður.

Á Lyngey eru fjórir minjastaðir. Í Lyngey lét Friðrik Eggertz reisa lítinn bæ, fjögur fjárhús og hlöðu (Friðrik Eggerz 1952, bls. 324). Ekki er hægt að segja til um það með vissu hvor tóftin 013 eða 067 hefur verið sjálfur bærinn. Þær ligga frekar þétt saman og eru nokkuð signar. Fjárhúsin og hlaðan 028 eru aftur á móti nokkuð greinileg, um 200m austan við þennan litla bæ. Fjórði minjastaðurinn í Lyngey er varða 032.

Á Björgólfsey eru fjórir minjastaðir, tvær tóftir: 027 og 039 og tvær vörður: 026 og 040. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi tóftirnar voru hlaðnar en vörðurnar hafa að öllum líkindum hjálpað til við siglingar umhverfis eyjarnar og eða sem mið við veiðar.

IV. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna.

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta

athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:


- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

V. Hvernig fornleifaskráin er byggð upp

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-110:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.



Mynd 2. Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að ofan sýnir

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vítað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða


minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fjárfisjónlegrs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

VI. Fornleifaskrá

Akureyjar



Mynd 3. Uppdrátturinn sýnir minjastaði og númer þeirra innan túns á Akureyjum. Undir uppdrættinum er annar uppdráttur frá því 1918 þegar tún voru mæld upp

DA-169 Akureyjar

Jarðadýrleiki 40 hdr; JÁM. 1846: "...liggja fram undan Búðardalssókninni á firðinum, það eru þessar eyjar, vika sjóva undan landi: Hrappsey, Helgey, Helgeyjarhólmi, Björgólfsey, þrjár Arnóreyjar með tveim hólum, Akurey hvaraf eyjarnar draga nafnið, þar má glöggst sjá að sáðlönd hafa verið í fornöld. Bæjarey, Bæjareyjarhólmi, Magáll, að líkindum sá sem fornsögur kalla kýrauga, Skjaldarey, tveir Skjaldareyjarhólmar, Klofrífur, Matarbolli, Kíningsey, Lyngey, Höfn Hafnarhólmi, Sultarhólmi, Vattarhólmi, Vatteryjarhólmi, Lyngeyjarsker, og fleiri smá sker sem eyjunum fylgja, þar á meðal Flikrusker," segir í Sýslu- og sóknalýsingum FE, 102.



Mynd 4. Bæjarhóllinn í Akureyjum, horft til norð-norðvesturs

24.10.1384: Jarðakaupabréf þar sem Ólafur Marteinsson selur Philippusi Þolleifssyni jörðina Búðardal ásamt Akureyjum; DI VII, 5.

27.6.1511: Vitnisburðarbréf þess efnis að Einar Þórólfsson jatar "að hann hefði í umboði Diðriks Pínings tekið við tveim lestum skreiðar af Þorleifi Björnssyni í skuldir Solveigar Þorleifsdóttur til konungs, og fyrir þá skreið hefði Solveig fengið Þorleifi hálfar Akureyjar til fullrar eignar," DI VIII, 354. 1536: Björn Þorleifsson selur sinn helming í Akureyjum Pétri Loftssyni fyrir jörðina Heydal og hálfa

Skálavíki Mjóafirði; DI X, 82-83. Er Pétur þá líklega orðinn eigandi allrar jarðarinnar því 1539 fær hann syni sínum Akureyjar til fullrar einar; DI X, 420-421. Akureyja er getið í jarðabréfi frá 1584; JB, 207. "Akureyjar verða ekki sjálfstætt stórbýli fyrr en afkomendur Magnúsar sýslumanns Ketilssonar hófu þar búskap árið 1803. ...Síðastur bjó í Akureyjum Tómas Jónsson frá Elvogum 1945-1954. Síðan hafa þær skipst í margra eigu og verið misvel nytjaðar," segir í Árbók FFÍ 1989, 132-134.

1918: Tún 2,8 ha, ræktað tún 2,4, slétt 1,6ha, garðar 488m². "Eggver og dúntekja hefur fyrrum verið í betra lagi, en nú um nokkur ár miklu minna. Selveiði að nokkru gagni. Sölvatekja að litlu gagni og hverful. Þar eru í kring eyjar og smáhólmar, og samaslags hlunnindi í þeim. Lundatekja má vera að gagni, en fyrirhafnarsöm. Sela uppdráp lítlsháttar á vetur, en bregst oft. Öll hlunnindi hafa leiguliðar. Þar hefur fyrir ekki fullum xx árum verið gott heimræði til fiski á haust, og jafnvel verið brúkuð verstaða frá nálægum bæjum. Nú um nokkur ár hefur þar aldrei fiskvart orðið, þó oftlega hafi reynt verið...Á túninu brennur gras oftlega, því klettur eru undir. Eldiviðartak ekkert. Rista og stúnga so nær ekkert. Slægjur eru jafnaðarlega tilkeyptar. Þar er mjög flæðihætt, og verður árlega að skaða. Þar deyr fje úr bráðasótt árlega, langtum framar en nokkursstaðar venjulega í nálægum plássum. Vatn þrýtur þar oftlega til stórs бага. Þingsókn löng og óhæg," JÁM


DA-169:001 Akureyjar bæjarhóll bústaður 65°22.232N 22°13.991V

Bæjarhóllinn í Akurey er austarlega á Bæjarey. Hann er um 20 m norðan við íbúðarhúsið á eyinni sem er frá ca. 1914 og nú nýtt sem sumarhús. Um 60 m suðvestan við bæjarhólinn er stórgrýtt fjara og höfn sem nefnist Steingerður 018. Í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1989 kemur fram að þegar séra Friðrik Eggerz bjó í Akureyjum, 1851-1879, lét hann reisa þar tvílyft íbúðarhús með kjallara og turni (1859). Í kringum það var hlaðin mikil stétt. Þak þess, gaflar og hliðar voru sköruð norskum steinflísum. Í kjallaranum var steypibað. Húsið sem stóð 1989 er að einhverju leyti byggt úr því gamla.

Bæjarhóllinn er nokkuð nærri sjó, þó stafar honum engin hætt af sjógangi. Landið umhverfis bæjarhólinn er hæðótt. Næst honum er gott graslendi en stutt er í nálægar klappir sem setja svip á landið.

Bæjarhóllinn er 70 x 30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjarhóllinn er ágætlega greinilegur og mun upphleðsla hans vera mest um 1,5 m. Á bæjarhólnum má enn sjá leifar síðasta bæjar sem hefur verið úr blönduðu efni. Til að auðvelda alla

umfjöllun um þau rými sem enn má greina, hafa hólfum bæjarins verið gefnir bókstafir til aðgreiningar. Tóftin sem er á bæjarhólnum skiptist í 3-4 hólfi og liggja þau hvert upp af öðru. Fyrst ber að nefna hólfi A en það er suðaustast í hólfaröðinni.



Mynd 5. Uppdrátturinn sýnir bæjarhústóftina og afstöðu hennar gagnvart íbúðarhúsi

Norðaustast í því hólfi eru sagðar hafa verið hleðslur af útielldhúsi. Inn í hólfi A hefur verið byggður skúr sem er notaður af sumardvalagestum. Hólfi A er 13x4m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki lítur út fyrir að á því hafi verið neinn suðvesturgæfl, þar stendur einungis stafninn á skúrnum sem áður hefur verið nefndur.

Kemur það heim og saman við

gamlar myndir af bænum en af þeim að að dæma var timburstafn á öllum húsum bæjarins. Á suðaustur langhlið hólfsins eru dyr og eru þær nokkurn veginn fyrir miðjum vegg. Norðan við hólfi A eru hólfi af mögulegri skemmu, B, sem gæti hafa verið dúnskemma. Brot úr veggheðslu er á milli hólfs A og hólfs B. Hólfi B er 4x7m að innanmáli og snýr norðaustur og suðvestur. Skemman deilir veggjum með útielldhúsi A eða hólfi A sem er sunnan við skemmuna og hlöðu C sem er norðan við hana. Samkvæmt heimildarmönnum getur hlaðan, hólfi C, einnig hafa verið nautakofi. Hluti veggins sem er á milli hólfs A og hólfs B hefur mjög sennilega verið tekinn niður að hluta en ekkert hrún er sjáanlegt frá honum. Nokkuð er af timbur- og járnarusli í tóftinni sem hefur annars grasivaxið gólf. Austan við skemmuna er lítil viðbygging eða úthýsi sem er 2x2,5m að innanmáli. Hleðslur hennar eru frekar litlar og óverulegar. Hólfi C er 6x3m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur og er op fyrir miðjum norðvestur langvegg. Hún er einfalt hólfi og efst eru veggheðslurnar grónar grasi og þar efst í grassverðinum má enn sjá votta fyrir leifum af bárujárnnum sem mun vera leifar þaksins. Í heild eru veggheðslur frekar haganlega hlaðnar og fallegar og má víða sjá stuðlabergsdranga í þeim. Telja má allt að 8 umför af grjóti í veggheðslunum sem eru um 2m háar þar sem þær eru hæstar og eru þær grónar grasi efst. Í tóftinni er geymt ýmislegt dót. Milli hólfs A og íbúðarhúss þess sem enn stendur var eldhús. Búið er að slétta mikið úr því og fjarlægja grjót úr veggjum en það mun hafa verið samfast hólfi A. Hlaðinn veggur var síðan á milli þessa húss og

íbúðarhússins sem enn stendur. Um 8 m sunnan við hól A er um 30 m löng grjóthleðsla sem snýr suðvestur-norðaustur. Þetta er einföld röð steina sem kíkja upp úr sverði. Ekki er ósennilegt að einhver hluti þessara hleðla séu leifar af áður nefndu eldhúsi. Aðrar grjóthleðslur tengjast þessari grjóthleðslu og hafa sennilega einnig tilheyrt 19. aldar bænum. Snúa þær norðvestur og suðaustur og eru um 25m að lengd. Frá fjósi 011 og að hólfi C má sjá votta fyrir óljósri grjóthleðslu sem er öll á kafi í hvönn. Hún er ekki mikið meira en eitt umfar. Má vera að hleðsla þessi hafi verið umhverfis kálgarð en ekki verður betur séð en að greina megja þessa hleðslu á gamalli ljósmynd af bænum. Hún liggur frá norðvestri til suðausturs og er um tæpir 20m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Árbók FFÍ 1989, 132

DA-169:002 tóft útihús

65°22.213N 22°13.966V



Mynd 6. Tóft 002, horft til austurs



Mynd 7. Uppdráttur af tóft 002

Tóft er um 40m suðaustur af bæjarhól 001 og um 30m aust-norðaustur af höfn 018 sem nefnist Steingerður.

Tóftin er í túnfætinum og nokkuð nærri sjávarbakkanum. Fast sunnan viðtóftina og áfast henni er garðhleðsla sem liggur frá tóftinni að túngarðinum 020.

Tóftin er um 5x4m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og er op á henni til vesturs, syðst á vesturvegg. Veggheðslur eru að mestu úr grjóti en eitthvað torf er í þeim efst. Þær eru lítið signar, um 1m á hæð og um 1m á breidd. Um torfhleðsluna er það að segja að á göflum virðist hafa verið notuð klambra eða snidda en streng í langhliðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

DA-169:003 gerði kálgarður

65°22.180N 22°14.022V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður 70m suðvestur af bænum 001. Á þessum



Mynd 8. Kálgarður 003, horft til austurs

stað má enn sjá hleðslur kálgarðsins. Þær eru er fast vestan við höfn 018 sem nefnist Steingerður og um 10 norðaustan við Grútarhús 004.

Kálgarðurinn er í jaðri túns, þétt við sjávarbakka.

Kálgarðurinn er um 14x 7 m að stærð og snýr vestur-austur. Hann er afmarkaður af grjóthleðslu sem er

mikið til hrunin og komin á kaf í gróður. Hleðsluhæð er um 30 cm. Kálgarðurinn er byggður upp að túngarði 020 og myndar túngarðurinn suðurhlið kálgarðsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

DA-169:004 Grútarhús tóft útihús

65°22.174N 22°14.028V


Samkvæmt uppdrætti af Akureyjum frá 1977 stóð hús er kallaðist Grútarhús suðvestan við Steingerði 018. Þetta hús mun vera það sama og sýnt er á túnakorti frá 1918, um 90m sunnan við bæ 001. Þar er enn tóft fast upp við túngarðinn 020.

Tóftin er í túnjaðrinum mjög nálægt sjávarbakka.

Tóftin er 5x5m að stærð, hlaðin úr torfi og grjóti.



Mynd 9. Grútarhús 004, horft til suðausturs



Mynd 10. Uppdráttur af tóft 004

Nokkuð erfitt er að segja til um nákvæma innri lögun hennar en hún er mikið hrunin og víða nokkuð óljós, mikill gróður er í og umhverfis hana og einnig hefur hún verið fyllt af rusli. Vegghleðslur eru um 1m á hæð þar sem þær eru hvað greinilegastar en ekki mikið meira en 20 cm þar sem þær eru lægstar. Tóftin virðist vera einföld og greina mátti op á henni fyrir miðjum vesturvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918


DA-169:005 tóft fjárhús

65°22.178N 22°14.124V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 140m suðvestur af bænum 001. „Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana, og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en



Mynd 11. Fjárhús 005, horft til suðurs



Mynd 12. Uppdráttur af fjárhúsum 005

garða sem liggja eftir endilöngu húsunum nema eitt. Hús fimm, talið úr vesturátt er minna en hin húsinn, það er 8x2m að innanmáli og er ekkert op á því inn í hlöðuna og í því er engin garði. Opin á fjárhúsunum eru nokkuð breytileg, hafa sum húsinn eitt op

dúnskemmu [001B] og hjall [001B] við bæinn og 3 eldiviðarhús [033, 034, 035], smiðju [036] og hjall [037] við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Rétt austan við vesturhlið túngarðsins er tóftin sem Friðrik byggði, af sex húsa fjárhúsi og hlöðu.

Tóftin er í ágætlega sléttu túni nálægt sjávarkambi.

Tóftin er um 24x14m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, hún skiptist í sex fjárhús og eina hlöðu. Hlaðan er um 22x4m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Við norðvesturlanghlið hennar eru svo öll fjárhúsin sambyggð, öll mjög svipuð að uppbyggingu. Fimm op eru á hlöðunni inn í fjárhúsin og eru þau öll fyrir ofan garðana. Öll eru fjárhúsin um 8x3m að innanmáli með

en önnur tvö op. Á húsi eitt og þrjú, talið frá vestri er eitt op fyrir miðju en á húsi tvö, fjögur og sex eru tvö op, út frá sitt hvorum flórnum. Á húsi fimm er eitt op en það er ekki fyrir miðju heldur þétt upp við norðausturvegg þess. Í garða sjötta hússins talið frá vestri hefur verið hlaðið kindabað úr múrsteini. Hleðslur standa nokkuð vel og eru um 180 cm þar sem þær eru hvað bestar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Friðrik Eggerz Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:006 gerði kálgarður

65°22.279N 22°13.972V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður 70m norðnorðaustur af bænum 001 og þar eru enn greinilegar garðhleðslur sem hafa afmarkað garðinn. Kálgarðurinn er þétt upp við austurhlið túngarðs 020 og eru garðhleðslurnar sem afmarka kálgarðinn sambygðar honum að innanverðum.



Mynd 13. Kálgarður 006, horft til norðausturs

Kálgarðurinn er í halla mót suðvestri. Brekkan er að mestu vaxin grasi en neðst og syðst í brekkurótum er þétt hvannarbeð.

Umhverfis kálgarðurinn er garðhleðsla sem afmarkar hann. Kálgarðurinn er því um 60x20m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kálgarðurinn er tvískiptur og er hvort hólfi um 30x20m

að stærð. Bæði snúa þau norðvestur-suðaustur. Garðhleðslan er úr torfi og grjóti og mest um 90cm á hæð. Hún er 1-1,20m á breidd þar sem hún er skýrust. Skýrustu garðhleðslurnar eru þvergarðarnir sem tengjast túngarðinum og liggja niður brekkuna. Þeir virðast betur varðveittir en langhliðin að suðvestan sem hefur mögulega eitthvað verið sléttuð. Syðst liggur um hana girðing sem hefur eitt sinn afmarkað 20x25m stórt svæði suðaustast í kálgarðinum en er öll fallin núna. Í austurhorn suðaustara hólfsins vottar fyrir lítilli afmörkun eða hólfi. Það virðist lítið eitt upphækkað en það er um 6x7m að innanmáli. Hleðslur þess eru rúnnaðar og óljósar en gætu verið um 50 cm á hæð og um 1m á breidd. Ytra byrði þessa hólfs er greinilegri en það innra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1918

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1846 segir: "...Akurey hvaraf eyjarnar draga nafnið, þar má glöggst sjá að sáðlönd hafa verið í fornöld," Í örnefnaskrá segir: "'Áfast við



Mynd 14. Akrarnir sem Akureyjar eiga að draga nafn sitt af. Horft til austurs

hana [Bæjarey] að austanverðu er svo Akurey. Í henni eru merki þess, að stunduð hefur verið akuryrkja," Eins og fram kemur í tilvitnuninni hér að ofan er Innri-Akurey austan við Bæjarey og er aðeins mjótt sund á milli þeirra. Það er þó tæplega hægt að komast þangað þurrum fótum nema á mjög mikilli fjöru en þangað er auðvelt að komast á stígvelum. Við vesturströnd Akureyjar, þar sem eyjan er hvað næst Bæjarey er svæði sem er afmarkað með garðlagi. Mögulega er þetta akur sá sem eyjarnar draga nafn sitt af. Hann er 180m austan við bæjarhól 001 og um 80m norðan við áveitu 063.



Mynd 15. Uppdráttur af ökrum 007

Gerðið er fremst á sjávarhamri og hallar land til suðvesturs. Gerðið er um 50x30m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er tvískipt. Nyrðra hólfið er 30x13m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur en það syðra 35x30m og snýr norðvestur suðaustur. Gerðið er mjög sigið og víða hlaupið í þúfur. Það er á bilinu 30-100 cm á hæð en sjaldnast meira en 1m á breidd. Gerðið er greinilegast efst í landinu en óljósara eftir því sem nær dregur sjávarkambinum. Hleðslan er grasivaxin og gróin nú en greinilegt er að eitthvað grjót er í henni. Innan gerðisins, þar sem ætla má að sjálft akurlendið hafi verið, er land sléttara og jafnara en fyrir utan (þar sem er þýðara og óreglulegra). Tvær óreglulegar þústir eru innan garðs, er önnur í norðausturhorni syðra hólfsins en hin er vestast og nyrst í nyrðra hólfinu.

Gerðið er fremst á sjávarhamri og hallar land til suðvesturs. Gerðið er um 50x30m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er tvískipt. Nyrðra hólfið er 30x13m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur en það syðra 35x30m og snýr norðvestur suðaustur. Gerðið er mjög sigið og víða hlaupið í þúfur. Það er á bilinu 30-100 cm á hæð en sjaldnast meira en 1m á breidd. Gerðið er greinilegast efst í landinu en óljósara eftir því sem nær dregur sjávarkambinum. Hleðslan er grasivaxin og gróin nú en greinilegt er að eitthvað grjót er í henni. Innan gerðisins, þar sem ætla má að sjálft akurlendið hafi verið, er land sléttara og jafnara en fyrir utan (þar sem er þýðara og óreglulegra). Tvær óreglulegar þústir eru innan garðs, er önnur í norðausturhorni syðra hólfsins en hin er vestast og nyrst í nyrðra hólfinu.

Gerðið er fremst á sjávarhamri og hallar land til suðvesturs. Gerðið er um 50x30m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er tvískipt. Nyrðra hólfið er 30x13m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur en það syðra 35x30m og snýr norðvestur suðaustur. Gerðið er mjög sigið og víða hlaupið í þúfur. Það er á bilinu 30-100 cm á hæð en sjaldnast meira en 1m á breidd. Gerðið er greinilegast efst í landinu en óljósara eftir því sem nær dregur sjávarkambinum. Hleðslan er grasivaxin og gróin nú en greinilegt er að eitthvað grjót er í henni. Innan gerðisins, þar sem ætla má að sjálft akurlendið hafi verið, er land sléttara og jafnara en fyrir utan (þar sem er þýðara og óreglulegra). Tvær óreglulegar þústir eru innan garðs, er önnur í norðausturhorni syðra hólfsins en hin er vestast og nyrst í nyrðra hólfinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sýslu og sóknalýsingar, 102; Ö-Akureyjar BS, 1

DA-169:008 Vaktarey tóft byrgi


65°21.726N 22°13.537V

„Í hásuður frá Bæjarey er Vaktarey...er sagt, að fyrrum hafi verið hafðir menn til að vakta varpið," segir í örnefnaskrá. Suðvestast á Vaktarey er óljóst tóftarbrot í um 1 km suðaustan við bæjarhól 001 og um 50m vestsuðvestan við dys 009.

Tóftin er á frekar lítilli eyju. Jarðvegshulan á henni lítur ekki út fyrir að vera þykk en skammt norðan við tóftarbrotið vex barrtré og víðir.



Mynd 16. Tóftin í Vakraey, horft til suðvesturs



Mynd 17. Uppdráttur af tóftinni 008 í Vaktarey

Tóftin sem er tvískipt er 10x5m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustara hólfið er um 3x3m að innanmáli en suðvestara hólfið er 2x2m að innanmáli. Á milli þeirra má greina óljós op. Frekar greinilegt op er á útvegg tóftar, nánar tiltekið fyrir miðjum suðvesturgafli hennar. Hleðsluhæð veggja er 30 -70 cm og breidd um 1m. Ekki var hægt að sjá neitt grjót í vegghleðslum sem eru allar útgrafnar af lundaholum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Akureyjar BS, 2

DA-169:009 Vaktarey dys legstaður

65°21.746N 22°13.486V

Í örnefnaskrá segir „Syðst á eyinni [Vaktarey] eru þrjú dys, og er sagt, að varðmennirnir hafi verið drepnir og dysjaðir þarna," Sunnarlega á Vaktarey eru þrjár þúfnastrýtur og er frekar jafnt bil á milli þeirra. Snúa þær norðaustur-suðvestur og eru án efa umræddar dysjar. Þær eru tæpan 1 km suðaustan við bæjarhól 001

Dysjarnar eru á grösugu svæði sem hækkar til norðausturs.



Mynd 18. Möguleg staðsetning dysjanna í Vaktarey, horft til suðvesturs

Þúfurnar eru um 1m í þvermál neðst, mjókka upp og eru um 50 cm á hæð. Þær eru vel grasi grónar og sést ekkert grjót í þeim. Ekkert er hægt að fullyrða um hversu líklegt það er að þarna sé raunverulegur legstaður, nema með uppgrefti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 2


DA-169:010 tóft óþekkt

65°22.337N 22°14.062V

Kýrauga er lítið sker í Brunnvogi á Bæjarey og á fjöru má komast í það þurrum fótum. Í skerinu er lítil tóft. Tóftin er um 200m norðnorðvestur af bæjarhól 001en um 150m beint norður af brunni 017. Hún er um 6m norðaustan við vörðu 012 sem er



Mynd 19. Lítið tóftarbrot 010 í Kýrauga, horft til norðausturs



Mynd 20. Uppdráttur af tóft 010

einnig á skerinu. Tóftin er efst á litlu grösugu klettakeri.

Tóftin er 4x3m að stærð og snýr norðaustursuðvestur. Hún er einföld og má greina óljóst op á suð-austur gafli hennar. Tóftin er grjóthlaðin og eru hleðslur signar, ekki mikið meira en 30cm á hæð en um 1m á breidd. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

Í ritinu Úr fylgsnum fyrri aldar segir: "Friðrik byggði þar fjós og tvær hlöður við þær frá grundvelli..." Fjósið sést á uppdrætti uppdrætti frá 1977 og var þá nyrst húsa á bæjarhólnum. Tóft þess er enn greinileg á þessum stað, um 10m norðan við skemmu 001B og um 30m norðvestan við útielldhús 001A.

Fjóstóftin er þétt upp við eða á mörkum bæjarhólsins. Milli fjóss og skemmu 001B er



Mynd 21. Fjós 011, horft til norð-norðvesturs

opin jarðvegur sem einkennist af hvannargróðri en minnir helst á kartöflugarð.


Tóftin er 15x15m að stærð. Hún er tvískipt og L-laga. Hólf A er 10x4m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Á því er op fast upp við suðvesturgafflinn á norðvesturhlið.

Liggur það inn í hólf B sem er 6x5m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Veggir hólfs B gætu bent til þess að það væri viðbygging við hólf A. Óljóst op er á hólfi B á miðjum norðvesturvegg. Vegghleðslur hólfs A eru um 2m á hæð, hlaðnar úr torfi og grjóti. Grjóthleðslurnar eru neðst og eru

þær um 60cm háar og um það bil 4 umför, torf liggur svo ofan á þeim. Dyraumbúnaður er svo til allur hlaðinn úr grjóti, eru um 7 umför í honum og er hann um 120cm á hæð. Veggahæð á hólfi B er um 80 cm, er þar eingöngu um grjóthleðslu að ræða. Grjóthleðslur hólfs B virðast ekki eins vel gerðar og á hólfi A og eru mun signari.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Friðrik Eggertz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323; Uppdráttur 1977



Mynd 22. Uppdráttur af fjósi 011

DA-169:012 varða óþekkt

65°22.334N 22°14.065V

Kýrauga er lítið sker í Brunnvogi á Bæjarey og á fjöru má komast í það þurru fótum. Á skerinu er varða, um 200m norðnorðvestur af bæjarhól 001. Varðan er um 150m beint norður af brunni 017 og um 6m suðvestan við tóft 010.

Varðan er efst á litlu klettakeri.



Mynd 23. Varða 012 í Kýrauga, horft til suðvesturs

Varðan er 1x1,2m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 60cm á hæð. Varðan er hlaðin úr jafnstóru grjóti. Hún er um 3 -4 umför og lítið sigin. Líklegast verður að teljast að hún hafi þjónað sjófarendum og jafnvel nýst við innsiglinguna inn Brunnvog en þar var eitt sinn aðal landing bæjarins, sjá 016.

Hættumat: engin hætt

DA-169:013 tóft býli


65°21.765N 22°15.616V

Í örnefnaskrá segir: "Frekar má segja um Lyngey, að þar hafi Friðrik Eggertz beitarhús fyrir 60-100 kindur og hafði mann yfir....," Í æfisögu Friðriks Eggerz, Úr fylgsnum fyrri aldar II segir ennfremur: „Í Lyngey hefur Friðrik látið byggja lítinn bæ, hlöðu og 4 fjárhús". Lyngey er suðvestan við Bæjarey. Hálfgerð krosslag er á eyinni nema að það er eins og vestari armur krossins hafi brotnað af. Þannig liggja þrjú nes út frá eyjunni, eitt langt og



Mynd 24. Tóftir 013 og 067, horft til vesturs

mjótt nes liggur til suðurs eða réttara sagt suðsuðvesturs, annað frekar stutt til norðurs og svo liggur eitt nes til austurs. Sunnanvert á eyjunni við rætur nes þess er gengur til suðurs eru tvær tóftir, sú sem hér er skráð og 067. Í eyinni er svo ein tóft til viðbótar, 028, er hún 200 m austar. Tóftin sem hér er skráð er um 2m norðvestan við tóft 067 og um 1,5km vestsuðvestur frá bæ 001. Ekki er hægt að fullyrða um það hvor tóftin 013 eða 067 hafi verið bærinn sem getur um hér í textanum að ofan en gera má þó ráð fyrir því að tóftirnar báðar séu



Mynd 25. Uppdrátturinn sýnir tvær tóftir, 013 og 067 sjá umfjöllun um tóft 067 hér að neðan

hluti af þeim húsum sem Friðrik lét reisa.

Tóftirnar eru á hólruna í grösugu landi.

Tóftin er 11x7m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í 3 hólfi. Norðaustast er hólf A sem er 3x2m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og er op á því á miðjum

suðvestur langvegg, að hólfi B. Hólf B er 4x1,5m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Tvö op eru á hólfi B, áður hefur verið minnst á það sem liggur að hólfi A en hitt er á suðausturgafli. Þriðja hólfið, C, er 5x1m að innanmáli og snýr eins og hólf A og B. Það virðist vera meira grjóthlaðið en hólf A og B. Op er á hólfi C til suðausturs á suðaustur gafli. Vegghleðslur eru frekar skýrar en signar, um 1m á hæð og eru hlaðnar úr torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 2 ; Friðrik Eggerz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 324

DA-169:014 *Matarbolli* álagablettur óþekkt 65°22.427N 22°15.776V

„Í útsuður af Skjaldarey er svo hólmi, sem Matarbolli heitir. Fylgir honum sú trú að, að hvorki slá hann né beita. Er hann vaxinn miklu melgresi. Er það um 10 sátur," segir í örnefnaskrá. Matarbolli er vel gróið sker um 500m vestur af Skjaldarey og um 1,4km vest-norðvestur af bæjarhól 001. Engar fornleifar eða önnur merki mannvistar er að sjá í eyinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 3

DA-169:015 tóft brunnur 65°22.549N 22°13.103V

„Austnorður af Akurey eru Arnórseyjar. Norðvestust þeirra er Seley," segir í örnefnaskrá. Nokkru sunnan við miðja Seley er brunnur og hjá honum er stutt garðhleðsla 064. Liggur hleðslan frá brunni til suðvesturs. Brunnur þessi er um 900m



Mynd 26. Brunnur 015, horft til vesturs

aust-norðaustan við bæjarhól 001 og er um sjó að fara.

Um eyjuna þvera er mýrarsund sem liggur norðaustur suðvestur. Vestan í þessu mýrarsundi er brunnurinn.

Lítil tóft hefur verið hlaðin utan um brunninn og er hún 2,5x2m að stærð og snýr svo til vestur austur. Ekki er neitt grjót sjáanlegt í vegghleðslum sem eru um 80cm á hæð og um 1m á

breidd. Dýpt brunnsins er um 80cm og er hann þurr. Op er á tóftinni syðst á vesturgafli og liggur um 7m langt garðlag frá opinu til vestsuðvesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 3

DA-169:016 *Brunnvogur* heimild um lendingu 65°22.260N 22°14.089V

„Norðan til á miðri eyinni er Kvíguvogur, og litlu austan við hann er Brunnvogur. Þar var aðallendingin áður fyrr," segir í örnefnaskrá. Lendingin er nefnd Brunnhúsvogur í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1989. Brunnhúsvogur liggur milli Kjóatanga og



Mynd 27. Lendingin 016 í Brunnvogi, horft til suðurs

Norðurtanga, í honum miðjum er lítið sker sem nefnist Kýrauga. Lendingin er austan til í botni vogsins og um 90m vestnorðvestan við bæjarhólinn 001.

Brunnhúsvogur er frekar þröngur og grunnur vogur og er vogkjafturinn þrengri en þegar inn í voginn er komið.

Lendingin í Brunnhúsvogi er suðaustan til í botni vogsins. Lendingin er frekar knöpp og lítið sem ekkert

sendinn en nokkuð grösug. Mögulegt er að reynt hafi verið að bæta hana með torfi og eða heyúrgangi. Um 7-8m langur bátur er í lendingunni og fer ágætlega um hann en hann mætti ekki vera mikið stærri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 3; Árbók FFÍ 1989, 133

DA-169:017 heimild um brunn

65°22.253N 22°14.067V

"Vogur þessi [Brunnvogur] nær inn að brunni, sem er aðalvatnsbólið," segir í örnefnaskrá. "Brunnurinn var grafinn ofan á berg en Friðrik lét klappa ofan í það eins metra djúpa holu. Hefur vatn síðan ekki þorrið í Akureyjum. Nú hefur lítið hús með dælu verið reist yfir brunninn," segir í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1989. "Hann



Mynd 28. Brunnur 017, horft til norð-norðvesturs

[Friðrik Eggerz] lét höggva bæjarbrunninn djúpt niður í hellu og byggja yfir og aldrei vildi hann láta þaðan taka fjós- eða þvottavatn, heldur einungis til neyzlu. ...Því lét Friðrik grafa tvo aðra brunna [029 og 030], hvaðan hann ætlaði til að fjóss- og þvottavatnið væri tekið, en báðir eru þeir slæmir," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Brunnhúsvogur liggur milli

Kjóatanga og Norðurtanga, í honum miðjum er lítið sker sem nefnist Kýrauga. Brunnhús með steypu gólfi er yfir brunninum og er það um 10m suðaustan við lendingu 016, um 90m vestnorðvestan við bæjarhól 001 og um 3m suðsuðaustan við túngarð 020. Brunnhúsið er sýnt á túnakorti frá 1918.

Brunnhúsið stendur í grösugu túni í landi sem er nokkuð hæðótt.

Brunnhúsið er A laga timburhús með bárujárnsþaki. Gólf þess er steyppt og hefur rafmagnsknúinni dælu verið komið fyrir yfir brunnopinu. Húsið er 3x2m að stærð og um 2,3m á hæð. Ekkert sér til eldri minja.

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 3; Árbók FFÍ 1989, 133, Túnakort 1918

DA-169:018 Steingerður hleðsla naust

65°22.186N 22°13.996V

",Á suðurhlið eyjarinnar [Bæjareyjar] lét Friðrik Eggertz búa til bátadokk á árunum 1854-61. Hún hlaut nafnið Steingerður, Sunnan við heimaeyjuna var langur hólmi, sem hét Magáll. Friðrik hafði 6 karla, sem hann lét vinna fyrir mat. Þessa menn lét hann hlaða tvo garða, annan í boga, hinn beint út. Grjótið í þessum görðum er fleiri þúsund tonn. Garðarnir eru um 4 metra á hæð, á annan metir á breidd að ofan, en gríðarþykkir neðst. Þarna kemst aldrei bára inn, en ekki flýtur nema um aðfall. Út frá beina garðinum með túninu lét hann þá hlaða fyrst grjótgarð og torfgarð ofan á það,



Mynd 29. Gömul mynd frá Akureyjum. Horft er yfir steingerði til austurs (óþekktur ljósmyndari)

60-100 faðma langan. Var það bæði gert til prýðis og varnar landbroti," segir í örnefnaskrá "Fyrir utan garðana við sjóinn byggði hann Steingerði. Það er lendingarstaður og skipaskýli, og lét hann þar meitla og berja niður holtin í henni og svo, að nokkur lægð varð gegnum klappirnar, hvar skipin eru sett, og þó þarf að slétta þar betur.

Grjót lét hann rífa upp úr vognum út frá henni, svo hann er nú orðinn um alin dýpri niður en hann var," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar.

Steingerður er 80-90m sunnan við bæjarhól 001 og um 20m austan við kálgarð 003.




Mynd 30. Steingerður 018, horft til suðausturs

Fjara er frekar grýtt en sjávarkamburinn er grasivaxinn og aflíðandi.

Mannvirkið allt, það er að segja varnargarðarnir sem mynda dokkina og naustin eru um 30x20m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Naustin eru þrjú og liggja upp til lands til norðvesturs en varnargarðarnir tveir og

liggja til sjávar til suðausturs. Tveir garðar mynda dokkina eins og fram kemur í lýsingu örnefnaskrár. Þeir eru þeir um 2m á breidd að ofanverðu en um 3-4m að




Mynd 31. Gömul mynd frá Akureyjum. Þrjár mannsekkjur standa undir grjóthleðslunum neðan við bæinn (óþekktur ljósmyndari)

breidd að neðanverðu. Hleðsluhæð garðanna er 3-4m þar sem hún er hæst.

Varnargarðurinn norðvestanmegin er beinn og er hann um 30m langur. Varnargarðurinn suðvestanmegin liggur í boga að norðausturgarðinum. Fyrst liggur hann um 25m beint út fjöruna þar er á honum 90° horn þar sem hann beygir að norðausturgarðinum. Við það

myndast op á milli garðanna sem er um 4m breitt. Garðurinn norðaustanmegin er



Mynd 32. Uppdráttur af bryggjunni Steingerði 018

stallaður og í honum fyrir miðju er festarsteinn með járnhring í. Garðurinn suðvestanmegin er hærri en garðurinn að norðaustanverðu. Naustin eru þrjú og liggja öll samsíða en aðskilin með grjóthlöðnum veggjum sem eru um 1m á breidd og um 1-

1,3m á hæð. Þau snúa

öll norðvestur-suðaustur og eru um 9m að lengd eða jafn löng görðunum sem á milli þeirra eru. Austasta naustið er um 5m á breidd, það sem er í miðjunni er um 3m á breidd og það vestasta er um 4m á breidd. Eru þetta innanmál. Leifar af dráttarspili er beint norðan og ofan við vestasta naustið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Akureyjar BS, 4; Friðrik Eggerz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 324

DA-169:019 hleðsla traðir

65°22.202N 22°13.999V

Traðir liggja frá Steingerði 018 til norðurs, í átt að bæ 001. Þær er 30m vestsuðvestan við tóft 002 og 40m austsuðaustan við tóft 059.



Mynd 33. Traðir 019, horft til norðurs

Tröðin liggur frá sjávarkambi og um slétt tún.

Tröðin er um 26m að lengd og liggur úr suðvestri til norðaustursr að bæjarhól. Hún er mjög ógreinileg og að mestu leyti yfirgróin. Ekki er ósennilegt að sléttað hafi verið yfir hana. Ekki var hægt að greina nema leifar eftir eina garðhleðslu en ekki

tvær eins og yfirleitt á við þegar talað er um traðir. Hleðslan er greinilegust næst Steingerði 018 og er hún þar grjóthlaðin. Hleðsluhæð er um 30cm þar sem mest er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

DA-169:020 garðlag túngarður

65°22.283N 22°14.011V

Túngarður hefur legið umhverfis túnið sem er norðan til á suðausturströnd Bæjareyjar. Er túngarðurinn ýmist hlaðinn úr grjóti eða úr torfi og grjóti. Endar hans ná ekki saman næst fjöru, enda fjaran látin duga sem náttúrulegt aðhald sunnan við túnið.

Túngarðurinn liggur um nokkuð hæðótt land.



Mynd 34. Túngarðurinn 020 liggur umhverfis túnið á Akureyjum og er enn vel sýnilegur og lítt skemmdur. Horft er til aust-norðausturs

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 250x140m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Byrjað verður á að lýsa garðinum syðst og næst fjöru. Þar er um 2m langur stubbur af túngarðinum. Er þessi hluti grjóthlaðinn og liggur út til suðurs, fram á klett sem gengur á haf út.

Norðan við þennan túngarðsstubb er nokkuð stór tóft (fjárhús 005) og virðist

sem að túngarðurinn hafi verið rofinn þegar þessi hús voru byggð. Um 5m norðan við fjárhúsin má svo aftur rekja túngarðinn og liggur til norðnorðvesturs. Þessi hlið garðsins er að mestu eingöngu grjóthlaðin en nyrst, rétt áður en hann beygir til norðausturs, breytist garðhleðslan og er þá úr torfi og grjóti. Á þessari hlið (suðvesturhlið), um 12m suðaustan við umrætt horn, er hlið á túngarðinum sem er um 2m breitt. Frá þessu vestasta horni túngarðsins liggur garðurinn til norðaustur, vestan við Brunnhúss 017 en austan við lendingu í Brunnvogi 016. Við Brunnhúsið 017 er mikil lægð í garðinn. Hún er um 5m löng og má vera að hún standi í einhverjum tengslum við lendinguna 016 í Brunnhúsvogi eða við framkvæmdir á byggingu brunnhússins. Um 30m norðaustan við brunnhúsið eru traðir 042 áfastar túngarðinum og liggja heim að bæ 001. Norðaustan við traðirnar heldur túngarðurinn áfram, í um 50m til norðausturs þar sem hann beygir aftur til suðausturs. Öll norðvesturhliðin (sem lýst var hér á undan) er hlaðin úr torfi og grjóti. Er garðurinn þar um 120cm á

hæð og um 1m á breidd og er innri brún hans hærri en sú ytri. Við nyrsta horn túngarðsins og áfast norðausturhlið túngarðsins er kálgarður 006. Norðvesturhlið túngarðsins liggur til suðaustur beint í átt að sjó. Um 6m suðaustan við kálgarð 006 verður túngarðurinn aftur eingöngu grjóthlaðinn. Suðausturhlið túngarðsins liggur með fjöruborðinu og er hún mjög óljós nyrst en verður skýrari eftir því sem sunnar dregur og skýrust er hún upp við Steingerði 018 þar sem túngarðurinn endar. Þessi suðausturhlið túngarðsins er byggð upp í landið og myndar varnargarð gegn sjávargangi og landbroti. Á þessum kafla er garðurinn um 1m á breidd og um 160cm á hæð. Telja má um 7-8 umför.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

DA-169:021 tóft óþekkt


65°22.141N 22°14.238V

Tóft er 10m sunnan við garðlag 025 og 250-260m vestsuðvestan við bæjarhól 001.

Tóftin er í graslendi þétt ofan við fjöruborðið, hallar land til suðurs að sjó.



Mynd 35. Tóft 021 er all nærri sjó og þó að hlutverk hennar sé óþekkt gæti hún hafa verið byggð í tenglum við sjósókn frá eyjunum. Hort er til norðurs



Mynd 36. Uppdráttur af tóft 021

Tóftin er 11x6m að stærð, snýr svo til í norður-suður og er tvískipt. Hún er að mestu hlaðin úr grjóti og eru hleðslurnar veglegar en sennilega hefur eitthvað hrunið úr þeim. Tóftin er niðurgrafin að hluta, innri brún veggja er um 1m á hæð en sú ytri 30-50cm. Nyrðra hólfið er 1x2m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tvö op má greina á hólfinu, eitt til vesturs og annað til austurs. Syðra hólfið er mun skýrara en nyrðra hólfið og er það 5x3m að innanmáli. Það snýr norður-suður og er greinilegt op á því fyrir miðjum suðurgafli sem snýr að sjó. Hleðslur eru mikið grónar grasi en þó má telja um 3-4 umför af grjóthleðslum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur þjónað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

DA-169:022 Grjóthóll þjóðsaga huldufólksbústaður 65°22.228N 22°14.022V

„...suður af hlöðunni langur, nokkuð hár hóll, sem nefndur er Grjóthóll. Þar var huldufólk í tíð Friðriks, og var þessi hóll aldrei sleginn. Var hann líkastur skipi á



hvolfi í laginu og talinn holur að innan," segir í örnefnaskrá. Grjóthóll er 10m vestan við eldhús 001A og 20m vestnorðvestan við íbúðarhús frá 1914.

Hóllin er í túni, ágætlega grösugur. Búið er að gróðursetja víðihríslum í suðurhlið hólsins.

Mynd 37. Grjóthóll, horft til austurs

Hóllinn er 25x15m að stærð og snýr

vestsuðvestur-austnorðaustur. Hann er eggla og er beint vestur af bæjarhól 001. Vestast í hólnum hefur verið reist minnismerki um hjónin Kristínu Kjartansdóttur og Gunnar Högnason.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 4

DA-169:023 heimild um kvíar

„Vestan í heimaeyna skerst Kvíavogur, hefur einhvern tíma verið fært frá, því hér voru rústir eftir kvíar," segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að staðsetja kvíarnar við vettvangsskráningu sumarið 2008.

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 4

DA-169:024 heimild um ristur

„Rista og stúnga so nær ekkert," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1705. Í bókinni Úr fylgsnum fyrri alda segir: „Friðrik byggði þar fjós [011] og tvær hlöður við þær frá grundvelli, því áður var venja að rista þökur upp á heyin, og því eru eyjarnar svo víða í flögum og holtum, sem ekki stendur til lagfæringar...." Ekki tókst að staðsetja ristustaðinn við vettvangsskráningu sumarið 2008.

Heimildir:JÁM 1705, 143; Friðrik Eggerz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:025 garðlag áveita

65°22.151N 22°14.236V

Vestan við túnið á Bæjarey er mýrarsund sem nær að sjó. Snýr það norður-suður. Garðlag liggur þvert á þetta mýrarsund að sunnanverðu og hefur það sennilega verið



Mynd 38. Garðlag 025, horft til vest-suðvesturs

hlaðið í þeim tilgangi að halda vatni í mýrinni. Garðlag þetta er 10m norðar en tóft 021 og um 240m vestsuðvestan við bæjarhól 001.

Grasivaxið mýrarsund.

Garðlagið er um 50m á lengd og um 2m á breidd og liggur það frá suðvestri til norðausturs. Fyrir miðju garðlaginu er 5m löng lægð í því og hefur rennsli úr mýrinni verið stjórnað þar. Núna er

hlaðið fyrir það að mestu en lítill lækur hefur fundið sér leið um það. Hleðsluhæð er um 1m þar sem garðlagið er hæst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sýslu- og sóknalýsingar, 102

DA-169:026 varða óþekkt

65°22.002N 22°12.885V

Björgólfsey er austan við Innri-Akurey. Á henni er „U“ lag, það er að segja þá gengur svo lítill vogur inn í hana til norðausturs og vísar opið á u-inu til suðvesturs. Eyjan er



Mynd 39. Varða 026, horft til suðurs

lægst fyrir botni vogsins en hækkar til norðvesturs og suðausturs. Syðst á austarihluta Björgólfseyjar er vörðubrot á kletti sem gengur fram í sjó. Varðan er um 950m austsuðaustan við bæjarhól 001 og um 300m sunnan við tóft 027 sem er á sömu eyju.

Kletturinn er um 7m hár, gróinn snöggu grasi og melgresi.

Varðan er nokkuð mikið sigin og öll gróin grasi. Hún er um 50cm á hæð og um 50cm í þvermál. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

DA-169:027 tóft óþekkt

65°22.169N 22°12.871V

Björgólfsey er austan við Innri-Akurey. Á henni er „U“ lag, það er að segja þá gengur svo lítill vogur inn í hana til norðausturs og vísar opið á u-inu til suðvesturs. Eyjan er lægst fyrir botni vogsins en hækkar til norðvesturs og suðausturs. Fyrir miðjum botni þessa vogs er tóft, 870-880m austur af bæjarhól 001. Hún er enn fremur um 300m norðan við vörðu 026 og 10m vestnorðvestan við tóft 039 en öll umrædd mannvirki eru á Björgólfsey.



Mynd 40. Tóft 027, horft til norðvesturs

Tóftin er á grösugum hólhrygg sem snýr norðaustur-suðvestur.

Tóftin er um 6x4m að stærð og snýr í austur-vestur. Hún hefur sennilega verið niðurgráfin í náttúrulegan hól. Tóftin er einföld, um 4x2m að innanmáli og er op á henni fyrir miðri suðurhlið. Hleðsluhæð veggja er um 70cm og breidd um 1-1,5m. Að

innanverðu er tóftin öll grjóthlaðin. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

DA-169:028 *Lyngey* tóft fjárhús

65°21.770N 22°15.359V


„Frekar má segja um Lyngey, að þar hafi Friðrik Eggertz beitahús fyrir 60-100



Mynd 41. Tóft 028, horft til suðurs

kindur og hafði mann yfir....," segir í örnefnaskrá „Í Lyngey hefur Friðrik látið byggja lítinn bæ, hlöðu og 4 fjárhús," segir í Úr fylgsnum fyrri alda II. Lyngey er suðvestan við Bæjarey. Hálfgerð krosslag er á eyinni nema að það er eins og vestari armur krossins hafi brotnað af. Þannig liggja þrjú nes út frá eyjunni, eitt langt og mjótt nes liggur til suðurs eða réttara sagt

suðsuðvesturs, annað frekar stutt til norðurs og svo liggur eitt nes til austurs. Miðsvæðis á nesinu sem liggur til austurs er grjóthlaðin tóft. Hún er 200m austan við tóft 013 og 067 og um 1,4km suðvestan við bæjarhól 001.



Mynd 42. Uppdráttur af tóft 028. Þetta mun að öllum líkindum vera fjárhúsið og hlaðan sem Friðrik lét byggja í Lingey ásamt bænum

Tóftin er í grösugu landi sem hallar til suðurs. Stutt er til sjós bæði að norðan- og sunnanverðu.

Tóftin er 37x22m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í átta hólfi sem deilast í tvær hólfaraðir. Til aðgreiningar hefur hverju og einu hólfi verið gefin bókstafur til aðgreiningar. Í norðausturhluta tóftarinnar eru þrjú hólfi A, B og C en suðvestanmegin eru hólfi D, E, F, G og H. Hólf A er nyrst og er það 5x3m að innanmáli og snýr það norðvestur og suðaustur. Op er á því austast á norðvesturgafli. Suðaustan við hólf A er hólf B sem er langt og mjótt

eða um 11x2m að innanmáli, snýr það eins og tóftin. Ekki var hægt að greina neitt op á því. Suðaustan við hólf B er svo hólf C sem er 3x2m að innanmáli og snýr norðvestur suðaustur, ekki var hægt að greina neitt op á því heldur. Suðvestan við hólf A er hólf D, er það 9x3m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Á því er eitt op nyrst á suðvesturhlið. Suðvestan við hólf D er hólf E. Hólf E er 8x4m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur, er op á því nyrst á suðvesturgafli. Hólf F er suðaustan við hólf E og suðaustan við það er hólf G. Hólf E og G eru mjög sviðuð, þau eru bæði 11x5m að innanmáli og hafa bæði op fyrir miðjum suðvesturgafli. Hólf F og G snúa bæði norðaustur og suðvestur. Syðst er svo hólf H. Það er 11x6m að innanmáli og er op á því fyrir miðjum suðvesturgafli. Það snýr einnig í norðaustur og suðvestur eins og hólf F og G. Eftir því miðju liggur grjóthlaðinn garði. Öll er tóftin er grjóthlaðin og er hleðsluhæð veggja um 70cm. Tóftirnar virðast nokkuð yngri er tóftir 013 og 067. Líklegt er að tóftin sé af fjárhúsunum og hlöðunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók FFÍ 1989, 134; Friðrik Eggerz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 324

DA-169:029 heimild um brunn

„Hann [Friðrik Eggerz] lét höggva bæjarbrunninn [017] djúpt niður í hellu og byggja yfir og aldrei vildi hann láta þaðan taka fjós- eða þvottavatn, heldur einungis til neyzlu. ...Því lét Friðrik grafa tvo aðra brunna, hvaðan hann ætlaði til að fjóss- og þvottavatnið væri tekið, en báðir eru þeir slæmir," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar þessir brunnar hafa verið en þó verður að teljast líklegast að þeir hafi verið á Bæjareynni. Ekki var unnt að staðsetja hann við skráningu sumarið 2008.

Heimildir:Friðrik Eggerz Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:030 heimild um brunn

"Hann [Friðrik Eggerz] lét höggva bæjarbrunninn [017] djúpt niður í hellu og byggja yfir og aldrei vildi hann láta þaðan taka fjós- eða þvottavatn, heldur einungis til neyzlu. ...Því lét Friðrik grafa tvo aðra brunna, hvaðan hann ætlaði til að fjóss- og þvottavatnið væri tekið, en báðir eru þeir slæmir," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar þessir brunnar hafa verið en þó verður að teljast líklegast að þeir hafi verið á Bæjareynni. Ekki var unnt að staðsetja hann við skráningu sumarið 2008.

Heimildir:Friðrik Eggerz Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323


DA-169:031 tóft óþekkt

65°22.352N 22°13.635V

Norðaustarlega á Innri-Akurey en langt og mjótt klapparholt sem snýr austur-vestur. Í miðju holtinu er dálítið vik eða sund sem snýr norðaustur-suðvestur.



Mynd 43. Tóft 031, horft til austurs



Mynd 44. Uppdráttur af tóft 031

Í sundi þessu er hleðsla upp við klett og hefur sennilega þjónað sem stekkur. Mannvirkið er 350m norðaustan við bæjarhól 001 og um 90m norðvestan við tóft 052. Hleðslan er í grasivöxnu þýfðu landi sem hallar til norðausturs.

Tóftin sem er 12x4m að stærð og er einföld, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er byggð upp við klett sem myndar langhlið tóftar að suðaustan. Tóftin er opin til norðausturs. Hleðslur sem er út torfi eru signar og afmyndaðar af þýfi. Hleðsluhæð er um 50cm og breidd um 1m.

Hættumat: engin hætta

DA-169:032 varða óþekkt

65°21.777N 22°15.310V

Lyngey er suðvestan við Bæjarey. Hálf gert krosslag er á eyinni nema að það er eins og vestari armur krossins hafi brotnað af. Þannig liggja þrjú nes út frá eyjunni, eitt langt



Mynd 45. Varða 032, horft til aust-suðausturs

og mjótt nes liggur til suðurs eða réttara sagt suðsuðvesturs, annað frekar stutt til norðurs og svo liggur eitt nes til austurs. Varða er á Lyngey sem er 40 m austan við beitarhúsatóft 028, alveg við norðurströnd nes þess sem liggur til austurs. Hún sést sést sennilega bæði frá Bæjarey og Höfn.

klettastáli.

Varðan stendur ofan við fjöruna, á háu

Varðan er um 0,8 m á kant og um 0,6 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún þjónaði.

Hættumat: engin hætta

DA-169:033 heimild um skemmu

„Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana [005], og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en dúnskemmu [001B] og hjall [001B] við bæinn og 3 eldiviðarhús [034, 035], smiðju [036] og hjall [037] við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar eldiviðarhúsin stóðu og engar greinilegar minjar um þau fundust við skráningu fornleifa í eyjunum.

Heimildir: Friðrik Eggertz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:034 heimild um skemmu

„Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana [005], og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en dúnskemmu [001B] og hjall [001B] við bæinn [001] og 3 eldiviðarhús [033, 035], smiðju [036] og hjall [037] við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar eldiviðarhúsin stóðu og engar greinilegar minjar um þau fundust við skráningu fornleifa í eyjunum.

DA-169:035 heimild um skemmu

„Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana [005], og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en dúnskemmu [001B] og hjall [001B?] við bæinn og 3 eldiviðarhús [033, 034], smiðju [036] og hjall [037] við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar eldiviðarhúsin stóðu og engar greinilegar minjar um þau fundust við skráningu fornleifa í eyjunum.

Heimildir: Friðrik Eggertz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:036 heimild um smiðju

„Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana [005], og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en dúnskemmu [001B] og hjall [001B?] við bæinn og 3 eldiviðarhús [033, 034, 035], smiðju og hjall [037] við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar smiðjan og engar greinilegar minjar um þau fundust við skráningu fornleifa í eyjunum.

Heimildir: Friðrik Eggertz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:037 heimild um hjall

„Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana [005], og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en dúnskemmu [001B] og hjall [001B] við bæinn og 3 eldiviðarhús [033, 034, 035], smiðju [036] og hjall við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar hjallurinn stóð og engar greinilegar minjar um hann fundust við skráningu fornleifa í eyjunum. Mögulegt er að þau hafi ekki fjarri Steingerði 018.

Heimildir: Friðrik Eggertz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 323

DA-169:038 Höfn þjóðsaga huldufólksbústaður 65°21.504N 22°14.936V

„Þess var áður getið að landferðir þættu heldur greiðar úr Akureyjum. Ekki spillti það fyrir að huldufólk í eyinni Höfn kveikti stundum bál í dimmu og hrakviðri til að vísa bátum veginn heim. Vegna þessara vinahóta hlífðust sumir bændur við að slá eyjuna," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1989. Þetta kemur einnig fram í Álfariti Ólafs í Purkey. Eins og vænta mátti fannst ekkert eldstæði í eyinni enda átti það að vera álfaættar. Hnitið er tekið á háeynni um 80-100m norðaustan við botn vogs eða víkur sem gengur inn eyjuna frá suðvestri.


Heimildir:Árbók FFÍ 1989, 134; Þjóðsögur Jóns Árnasonar VI, 10-11

DA-169:039 tóft óþekkt 65°22.167N 22°12.860V

Björgólfsey er austan við Innri-Akurey. Á henni er „U" lag, það er að segja þá gengur svo lítill vogur inn í hana til norðausturs og vísar opið á u-inu til suðvesturs. Eyjan er lægst fyrir botni vogsins en hækkar til norðvesturs og suðausturs. Fyrir miðjum botni



Mynd 46. Tóft 039, horft til suðausturs



Mynd 47. Uppdráttur af tóft 039

þessa vogs er þúst. Hún er 870-880m austur af bæjarhól 001 og um 300m norðan við vörðu 026. Tóftin er 10m austsuðaustan við tóft 027 en bæði varðan og tóftin eru á Björgólfsey. Tóft sú sem hér er skráð er óverulegri en tóft 027 og er í raun frekar dæld eða þúst en eiginleg tóft.

Tóftin er í grösugri brekku sem hallar mót suðaustri.

Tóftin er einföld, um 4x4m að stærð og má greina op á henni fyrir miðri suðurhlið. Stöku steinar kíkja upp úr sverði. Hleðsluhæð veggja er um 40cm.

Hættumat: engin hætta

DA-169:040 varða samgöngubót

65°22.119N 22°13.271V

Björgólfsey er austan við Innri-Akurey. Á henni er „U“ lag, það er að segja þá gengur svo lítill vogur inn í hana til norðausturs og vísar opið á u-inu til suðvesturs. Eyjan er



Mynd 48. Varða 040, horft til suðvesturs

skófum. Sennilegast er hún mið fyrir siglingaumferð eða fiskimið.

Hættumat: engin hætta

lægst fyrir botni vogsins en hækkar til norðvesturs og suðausturs. Syðst á vestari hluta eyjunnar er varða. Hún er 320-330m vestan við tóft 027 og um 370m vestnorðvestan við vörðu 026.

Varðan er á kletti sem er innst við fjöruborðið.

Varðan sem er 4 umför er um 50cm á hæð og um 80cm á kant. Hún er vaxin

DA-169:041 Kolagröf örnefni

"Vestur af Lyngey er klettur sem Kolagröf heitir," segir í örnefnaskrá. Kletturinn var ekki staðsettur við skráningu sumarið 2008 en allt bendir til að hann sé náttúrumin en bendi ekki á venjulegar kolagrafir eins og oft er raunin með sambærileg örnefni.

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 2

DA-169:042 hleðsla traðir

65°22.262N 22°14.044V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 liggja traðir frá túngarði að bæ og eru þær enn



Mynd 49. Traðir 042, horft til suðausturs

Traðirnar eru um 2m breiðar og 40m langar að innanmáli, myndaðar af tveim grjót- og torfhlöðnum garðlögum. Báðir garðarnir eru um 2m á breidd og er hleðsluhæð

greinilegar. Liggja traðirnar frá norðvesturhlið túngarðs 020 til suðausturs heim að bæ 001. Þær eru um 20m aust-norðaustan við brunn 017 og 60m vest-suðvestan við kálgarð 006. Aðrar traðir 019 liggja að bænum úr suðri.

Traðirnar eru í grösugu túni í landi sem er frekar hæðótt.

þeirra um 120cm að utanverðu. Innan traðanna er eystri garðurinn um 120cm en sá vestari um 80cm á hæð. Sumstaðar er komið allnokkuð rof í garðana og má þar sjá í grjótt- og torfhleðslur. Ekki er um mjög vandaða grjóthleðslu að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

DA-169:043 tóft útihús

65°22.200N 22°14.165V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 140m vestsuðvestan við bæ 001. Á þessum stað er enn tóft. Hún er um 4m austnorðaustan við túngarð 020 og um 50m suðsuðaustan við fjárhús 005.



Mynd 50. Tóft 043, horft til norð-norðvesturs




Figure 51. Uppdráttur af tóft 043

Tóftin er í grösugu túni sem er nokkuð hæðótt. Tóftin er 7x6m að stærð og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Hún er einföld og um 5x2,5m að innanmáli. Hún er að stærstum hluta hlaðin úr grjóti, eru veggheðslur hennar um 90cm á hæð og um 150cm á breidd. Norðurgaflinn er þó ekki eins breiður og hliðarnar. Op er vestast á suðurgafli tóftarinnar. Telja má um 5 - 6 umför af hleðslugrjóti í veggjum og er þunnt torf á milli. Tóftin er annars öll gróin grasi og í botni hennar dafnar hvönn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918


DA-169:044 þúst útihús

65°22.236N 22°13.962V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 20m austan við bæ 001. Lítil ummerki um húsið sjást lengur en þar má þó óljóst sjá móta fyrir þúst.



Mynd 52. Þúst 044, horft til vest-norðvesturs



Mynd 53. Uppdráttur af þúst 044

Grösugt svæði fast við skruðgarð sem er umhverfis íbúðarhús.

Þústin er 4x3m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mjög ógreinileg og ytra byrði hennar verður varla greint lengur. Líklega hefur verið sléttað yfir tóftina. Hleðsluhæð veggja er undir 20cm og kann op hafa verið syðst á suðaustur langhlið. Mikill gróður er í og við þústina en fast suðvestan við gafl þústar er girðing er afmarkar skruðgarð sem liggur umhverfis íbúðarhús frá 1914.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

DA-169:045 þúst útihús


65°22.257N 22°13.966V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 30m norðan við bæ 001. Vel má merkja hvar húsið hefur staðið þó ekki sé lengur greinileg tóft á þessum stað. Þar sést hins vegar móta fyrir ógreinilegri dæld.

Þústin er á hólrana og umhverfis hann er mýrarfláki.



Mynd 54. Þúst 045, horft til austurs



Mynd 55. Uppdráttur af þúst 045

Á þessum stað er óljós, ferhyrnd dæld, sem er um 8x5m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ummerkin eru óljós og má gera ráð fyrir að sléttað hafi verið yfir tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

DA-169:046 heimild um útihús

65°22.242N 22°14.046V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 30m vestsuðvestan við bæ 001. Það má merkja hvar húsið hefur staðið þó ekki sé lengur nein tóft á þessum stað. Þar sést hins vegar móta fyrir ógreinilegri dæld.

Í túni sem er mjög grösugt.

Ekkert sér til minja. Hefur tóftin sennilega verið sléttuð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

DA-169:047 varða óþekkt

65°22.317N 22°14.274V

Varða er á Bæjarey, 270m norðvestan við bæ 001 og um 130m suðsuðvestan við tóft 050.

Varðan er á egglega grasigrónum hól, mikið af stórgrýti er þó á víð og dreif á hólnum.



Mynd 56. Varða 046, horft til suðausturs

Varðan er um 120x60cm að stærð og snýr vestur austur. Hún er um 90cm á hæð, um 5 umför og er að mestum parti hlaðin úr stuðlabergsdröngum. Op er í henni miðri, þannig að hægt er að sjá í gegnum vörðuna. Mögulega hefur hún þjónað sem mið fyrir fiskveiðar eða sjófarendur.

Hættumat: engin hætta

DA-169:048 varða óþekkt

65°22.287N 22°14.473V

Varða er á Bæjarey, um 160m vestan við vörðu 047 og um 380m vestnorðvestan við bæjarhól 001.

Varðan er efst á nokkuð stórum og grösugum hól nærri fjöru og sést vel til hennar.

Varðan er 2x2m að stærð og um 120-130m að hæð. Ekki hefur verið vandað til smíðinnar, heldur hefur henni einfaldlega verið hrúgað upp. Ekki er ljóst í hvaða



Mynd 57. Varða 048, horft til norð-norðausturs

tilgangi varðan var gerð. Líklegast mun hún þó hafa verið hlaðin til að auðvelda sjóumferð eða sem mið við fiskveiðar.

Hættumat: engin hættu

DA-169:049 tóft heystæði


65°22.383N 22°14.184V

Tóft er á Bæjarey sem líklega er heystæði. Hún er 310-320m norðvestan við bæjarhól 001, um 40m austan við tóft 050 og um 140m norðaustan við vörðu 047.

Tóftin er við rætur gróins grjótháls og eru grasigrónar lautir bæði austan og vestan við hana.



Mynd 58. Heystæði 049, horft til suð-suðvesturs



Mynd 59. Uppdráttur af heystæði 049

Tóftin sem er einföld og 6x7m að stærð. Hún snýr norður-suður og er grjóthlaðin. Veggbleðslur eru um 1m á breidd og um 20cm á hæð. Ekki er hægt að sjá neitt op á tóftinni en hún er vel grösug í botninn.

Hættumat: engin hættu

DA-169:050 tóft heystæði


65°22.385N 22°14.235V

Tóft er á Bæjarey sem líklega er heystæði. Hún er um 340m norðvestan við bæjarhól 001, um 40m vestan við tóft 050 og um 130m norðnorðaustan við vörðu 047.

Tóftin er fremst á fjörükambi.



Mynd 60. Heystæði 050, horft til suð-suðvesturs



Mynd 61. Uppdráttur af heystæði 050

Tóftin er sennilega að einhverju leyti niðurgrafin í náttúrulegan hól. Hún er 4x3m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er fyrir miðjum norðausturgafli. Tóftin sem nýtur náttúrulegra aðstæðna og er aðallega grjóthlaðin á innanverðum suðaustur langvegg sem og í kringum opið. Grjóthleðslurnar eru þó að miklu leyti fallnar en hleðsluhæð þeirra eru um 40cm.

Hættumat: engin hætta


DA-169:051 gerði nátthagi

65°22.081N 22°14.401V

Syðst og vestast á Bæjarey liggur tangi eða lítið nes til suðurs og nefnist Þórutangi. Upp af Þórutanga er nátthagi, um 420m vestsuðvestan við bæjarhól 001.



Mynd 62. Nátthagi 051, horft til vest-suðvesturs



Mynd 63. Uppdráttur af nátthaga 051

Nátthaginn er um 100m suðaustan við gerði 060 og um 380m sunnan við vörðu 048.

Nátthaginn er á grasi vöxnum tangi.

Nátthaginn er 70x30m að stærð og snýr norður suður. Hleðslur eru hrundar / signar og gróíð yfir víða. Hleðsluhæð er mest um 50cm

Umhverfis náttahagann er garðlag sem sennilega er torf- og grjóthlaðið, afmarkar það svæði sem er 70x30m að stærð. Hleðsluhæð garðlagsins er um 50cm og 1m á breidd. Hleðslur eru sumstaðar hrundar og víða mjög signar. Á tímabili um miðja 20. öldina var náttahaginn notaður sem aðhald fyrir hænur.

Hættumat: engin hætta

DA-169:052 tóft óþekkt


65°22.311N 22°13.584V

Tóft er við austurströnd Akureyjar-Innri, um 300m austan við bæjarhól 001 á Bæjarey. Hún er 80-90m suðaustan við stekk 031 (á sömu eyju).

Tóftin er á fjörukambi, í dokk milli tveggja klettadranga sem ganga út í fjöru. Hallar landið lítið eitt til vesturs.



Mynd 64. Tóft 052, horft til austurs



Mynd 65. Uppdráttur af tóft 052

Tóftin er 8x4m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en hleðslur er frekar óreglulegar og lítt vandað til þeirra. Þó má telja um 2 umför í vegghleðslum sem eru um 40cm á hæð og um 1m á breidd. Tóftin er einföld og er op á henni nyrst á vesturgafli. Hún er grasi gróin í botninn. Nokkuð áberandi hvilft er fast við utanverðan austurgafli hennar. Hvort þar er um að ræða annað hól er erfitt á átta sig á, a.m.k. er ekki hægt að greina þar neina vegg. Þessi hvilft er 2x2m að innanmáli. Tóftin gæti hafa verið heystæði án þess þó að hægt sé að slá neinu föstu um það.

Hættumat: engin hætta

DA-169:053 varða óþekkt

65°22.234N 22°13.523V

Varða er á Akurey-Innri, um 360m austan við bæjarhól á Bæjarey 001 og um 150m suðsuðaustan við tóft 052.



Mynd 66. Varða 053, horft til norðausturs

mun sennilega hafa þjónað sjófarendum.

Hættumat: engin hætta

Varðan er á lítilli hólbungu fremst á fjörukambi, í jaðri á grösugs túns.

Varðan er svo til þríhyrningslaga og er hver hlið um 1m að lengd, neðst. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti en er ekki sérlega vönduð smíði. Hún er um 50cm á hæð og nokkuð sigin. Hún er mjög framarlega á sjávarkambinum og

DA-169:054 garðlag áveita

65°22.236N 22°13.613V

Óljóst garðlag er í túni, við austurströnd Akureyjar-Innri. Það er um 300m austan við bæjarhól 001 á Bæjarey en 70m vestan við vörðu 053 á Akurey-Innri. Garðlagið er



Mynd 67. Garðlag 054, horft til austurs

160m suðsuðvestan við tóft 052 á Akurey-Innri.

Garðlagið er í grösugu mýrlendi.

Garðlagið er 30-35m langt, um 1m á breidd og er hleðsluhæð um 50cm. Það snýr norður-suður. Vestan við garðlagið er mýri og er sennilegt að það hafi verið notað til að halda vatni á mýrinni.

Hættumat: engin hætta

DA-169:055 garðlag varnargarður

65°22.232N 22°13.659V

Óljóst garðlag er í túni við austurströnd Akureyjar-Innri. Það er 250-260m austan við bæjarhól 001 á Bæjarey en 30-40m vestan við garðlag 054.

Garðlagið er í grösugu mýrlendi.

Garðlagið er 6m langt, um 1m á breidd og er hleðsluhæð þess 60-70cm. Það snýr austnorðaustur-

vestsuðvestur. Garðlagið er í dálitlu dragi milli tveggja lágra hóla. Garðlagið er grasivaxið og lítið sigið. Garðlagið er við grösuga mýri og hefur það að öllum líkindum verið hlaðið til að halda vatninu frekar inni á mýrlendinu.

Hættumat: engin hætta

DA-169:056 *Mylluhóll* örnefni mylla 65°22.203N 22°14.066V

Samkvæmt uppdrætti af Akureyjum frá 1977 var Mylluhóll suðvestan við bæjarhól 001 og norðan við Grútarhús 004. Staðsetning er óljós og ekkert sér til minja á þessum slóðum lengur.

Slétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Uppdráttur 1977


DA-169:057 gerði óþekkt 65°22.314N 22°14.001V

Óljóst gerði er miðsvæðis á Bæjarey, við suðausturströnd Brunnvogs. Það er um 160m norðan við bæjarhól 001 og um 115m norðaustan við Brunn 017.

Grösugt land sem hallar mót suðri.



Mynd 68. Gerði 057, horft til suðurs



Mynd 69. Uppdráttur af gerði 057

Gerðið er 30x15m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Garðlag afmarkar svæðið til suðvestur og suðaustur en fjaran afmarkar það til norðurs. Gerðið er frekar sigið og hlaupið í þúfur en þar sem það er hæst er það um 60 cm á hæð og um 120cm á breidd. Ekki er hægt að greina neinn áberandi mun á landinu innan gerðis eða utan. Freistandi er að álykta að um akur sé að ræða svipuðum þeim sem er á Akurey-Innri.

Hættumat: engin hætta

DA-169:058 garðlag áveita 65°22.278N 22°14.262V

Garðlag er á Bæjarey um 80m norðvestan við túngarð 020 og um 220m

norðnorðvestan við bæjarhól 001. Garðlagið er í votri grösugri mýri.

Garðlagið sem er um 100m að lengd og snýr norður-suður. Það fellur vel inn í



umhverfi sitt og ber lítið á því. Það er um 30cm á hæð og 50-60cm á breidd og víða hlaupið í þúfur. Að sunnan endar það hjá stórum kletti sem er nokkuð áberandi í landinu. Staðsetning garðlagsins bendir til þess að um einhvers konar áveitu sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

Mynd 70. Garðlag 058, horft til suðurs

DA-169:059 Álfhóll Þjóðsaga huldufólksbústaður

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir að huldufólk hafi verið í hól einum á Bæjarey sem kallaður var Álfhóll. Maður nokkur sem eitt haust lá til byrjar í Akureyjum heyrði þetta kveðið þar inni:

„Ali mírinn dansi flírinn

bímbsí lárinn dansar

og stígur sonarkorn," Örnefnið Álfhóll er ekki þekkt lengur og staðsetning óþekkt.

Vera má þó að Álfhóll sé annað nafn á Grjóthól 022, en þar áttu álfar að hafa búið.

Heimildir:Þjóðsögur Jóns Árnasonar III, 7

DA-169:060 gerði óþekkt

65°22.131N 22°14.450V

Gerði er á Bæjarey um 400m vestsuðvestan við bæjarhól 001. Það er um 100m



norðvestan við Náttþaga 051 og um 290m sunnan við vörðu 048.

Þýft grassvæði undir grasivöxnu klapparholti.

Gerðið er 45x20m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur.

Gerðið er afmarkað af garðlagi sem er um 50cm á hæð og um 1m á breidd.

Mynd 71. Gerði 060, horft til norðurs

Hleðslur eru signar og grónar en

sennilega eru þær hlaðnar úr torfi og grjóti. Ekki er hægt að segja með vissu hvaða hlutverki gerðið þjónaði en einhver konar aðhald hefur það verið.

Hættumat: engin hætta


DA-169:061 gerði óþekkt

65°22.200N 22°14.608V

Vesturströnd Bæjareyjar er nokkuð klettótt og sjávarbakkar háir. Um 150m



Mynd 72. Gerði 061, horft til suðausturs



Mynd 73. Uppdráttur af gerði 061

norðvestur frá gerði 060 er dálítið undirlendi eða hvammur við sjóinn. Garðlag markar hvamminn að norðan og austan. Grasivaxinn hvammur við sjó sem snýr mót suðvestri. Gerðið er um 50x20m að stærð og er það afmarkað af garðlagi sem er vel greinanlegt að norðvestan verðu en það er mjög óljóst að vestan og sunnan verðu. Hleðsluhæð garðlagsins sem er úr torfi er um 50cm á hæð þar sem það er hæst og um 1m á breidd. Hvammurinn snýr mót suðvestri og því er freistandi að telja að hér hafi verið einhvers konar akur eða kálgarður.

Hættumat: engin hætta

DA-169:062 varða óþekkt

65°22.305N 22°13.626V

Varða er á háu klapparholti á Innri-Akurey, um 310-320m austnorðaustan við bæ 001.



Mynd 74. Varða 062, horft til norðurs

Hún er 80-90m sunnan við tóft 031 (á sömu eyju).

Varðan er á grasivöxnu klapparholti.

Varðan er um 1x1m að stærð og er á henni dæmigert strýtu-lag. Hún er mikið til hrunin og er hleðsluhæð hennar um 50cm. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt en líklegast er þó að hún hafi á einhvern hátt þjónað

sjófarendum.

Hættumat: engin hætta

DA-169:063 garðlag áveita

65°22.201N 22°13.731V

Mýrarsund er syðst og vestast á Innri-Akurey. Við það er garðlag sem er um 200m austan við bæjarhól 001 og 80-90m sunnan við Akur 007 (á sömu eyju).



Mynd 75. Garðlag 063, horft til norðvesturs

Garðlagið liggur milli tveggja gróinna klapparholta.

Garðlagið liggur fyrir vesturenda mýrarsunds og hefur því verið ætlað að stýra vatnsflæði úr mýrinni. Garðlagið liggur norðvestur-suðaustur. Það er um 23m að lengd, um 150cm að breidd og um 50cm á hæð. Garðlagið er nokkuð sigið og sprungið.

Hættumat: engin hætta

DA-169:064 garðlag óþekkt

65°22.546N 22°13.117V

Arnórseyjar er samheiti yfir þrjár eyjar sem liggja mjög þétt saman norðaustan við Innri-Akurey. Allar hafa þær sérnafn, þeirra stærst er Seley og er hún norðvestust



Mynd 76. Garðlag 064, horft til suðvesturs

þeirra þriggja. Á henni vestarlega er garðlag í mýrarsundi sem snýr austur-vestur í gegnum miðja eyrna. Garðlagið liggur að brunni 015. Garðlagið er 900m austnorðaustan við bæjarhól 001.

Grösug mýri.

Garðlagið er um 16m langt um 70cm breitt og um 30cm hátt. Það snýr norðaustur-suðvestur og er brunnur

015 við enda þess. Norðan við suðvesturenda garðlagsins er mjög þýft svæði en ekki var hægt að sjá nein ummerki eftir tóft þar.

Hættumat: engin hætta

DA-169:065 hleðsla óþekkt

65°22.167N 22°13.893V

Magáll heitir lítill eyja milli Bæjareyjar og Innri-Akureyjar og er hún örskammt frá báðum. Á Magáli er garðlag, um 140m suðaustan við bæjarhól 001 og um 200m



Mynd 77. Garðlag 065, horft til suðurs

suðvestan við akur 007.

Garðlagið er efst og norðaustast á eyjunni og liggur upp af lítilli vör sem er norðarlega á eyinni.

Garðlagið sem er um 20m á lengd er hlaðið úr torfi og grjóti. Það snýr norðaustur og suðvestur og eru hleðslur mikið signar og varla mikið hærri en um 30-40cm og um tæpur 1m á breidd.

Hættumat: engin hætta

DA-169:066 Áburðahús heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 140m suðvestur af bænum 001. „Friðrik byggði bæinn allan að nýju og timburhús það, sem hann nú býr í. Einnig hlöðu og fjárhús 6, sem eru við hana, og áburðarhús [066] út á túnfætinum, en dúnskemmu [001B] og hjall [001B] við bæinn og 3 eldiviðarhús [033, 034, 035], smiðju [036] og hjall [037] við sjóinn," segir í Úr fylgsnum fyrri aldar. Ekki er vitað hvar Áburðarhúsið stóð og engar greinilegar minjar um það fannst við skráningu fornleifa í eyjunum.

DA-169:067 Lyngey tóft býli

65°21.764N 22°15.629V

„Frekar má segja um Lyngey, að þar hafi Friðrik Eggertz beitarhús fyrir 60-100 kindur og hafði mann yfir....," segir í örnefnaskrá. Í æfisögu Friðriks Eggerz, Úr fylgsnum fyrri aldar II segir enn fremur: „Í Lyngey hefur Friðrik látið byggja lítinn bæ, hlöðu og 4 fjárhús". Lyngey er suðvestan við Bæjarey. Hálfgerkt krosslag er á eyinni nema að það er eins og vestari armur krossins hafi brotnað af. Þannig liggja þrjú nes út frá eyjunni, eitt langt og mjótt nes liggur til suðurs eða réttara sagt suðsuðvesturs, annað frekar stutt til norðurs og svo liggur eitt nes til austurs. Sunnanvert á eyjunni við rætur nes þess er gengur til suðurs eru tvær tóftir, sú sem hér er skráð og 013. Sú tóft sem hér er til umfjöllunar er um 2m suðaustan við tóft 013 og


um 1,5km vestsuðvestan við bæ 001. Ekki er hægt að fullyrða um það hvor tóftin, 013 eða 067 hafi verið bærinn. Þessi tóft ásamt 013 og 028 munu þó sennilegast vera þau hús sem Friðrik lét reisa.



Mynd 78. Tóft 067, horft til vest-suðvesturs

Tóftirnar eru á hólruna í grösugu landi. Tóftin er 13x7m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 5 hólfi. Hér verður hverju hólfi gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hólf A er 5x1m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki var hægt að greina neitt greinilegt op á því.

Suðaustan við hólfi A er hólfi B. Það er 5x2m að innanmáli og snýr það eins og hólfi A. Ekki var heldur hægt að greina neitt greinilegt op á hólfi B. Tvö hólfi, C og D eru suðaustan við hólfi B. Hólf C er suðvestan við hólfi D. Það er það 3x2m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Á þessu hólfi má greina óljóst op sunnarlega



Mynd 79. Uppdráttur sýnir tvær tóftir, 067 og 013, sjá umfjöllun um tóft 013 hér að ofan

á suðvestur langhlið. Hólf D er norðaustan við hólfi C og er 3x2m að innanmáli. Op er einnig á það austast á norðaustur langhlið hólfsins. Hólf E er svo suðaustan við hólfi C og D. Það er 5x1m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

Tvö op eru á hólfinu, sitt í hvorum enda. Mjög

óljóst veggbrót er suðvestan við tóftina og má vera að þar hafi verið einhvers konar aðhald. Hleðsluhæð veggja er um 50cm.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Akureyjar BS, 2 ; Friðrik Eggerz: Úr fylgsnum fyrri aldar II, 324

DA-169:068 heimild hús

65°22.196N 22°13.994V

Á gamalli mynd frá Akureyjum sem tekin er yfir Steingerði (018) sjást gömul hús alveg við sjáfarkambinn (sjá mynd 29). Þessi hús hafa verið 60m suð-suðvestan við bæ 001, 30m suðvestan við tóft 002 og þétt norðaustan við Steingerði 018. Ný hús hafa verið reist á grunni gömlu húsanna. Staðurinn var ekki skráður á vettvangi þar sem vitneskja um gömul hús á þessum stað var skráningarfólki ókunn.

DA-169:069 heimild lending

Syðst á lyngey, á tanganum sem gengur út í sjó er festarhringur. Svipuðum þeim sem er í Steingerði. Skráningarmenn vissu ekki um þennan minjastað þegar eyjarnar voru heimsóttar og fundu ekki. Staðurinn var ekki skráður.

DA-169:070 heimild lending

Vestast á Magál, á smá nesi sem gengur út í sjó er festarhringur. Svipuðum þeim sem er í Steingerði. Skráningarmenn vissu ekki um þennan minjastað þegar eyjarnar voru heimsóttar og fundu ekki. Staðurinn var ekki skráður.

VII. Heimildir.

Árbók FFÍ 1989: (Sjá Árna Björnsson).

Árni Björnsson (1989). „Eyjar í Snæfellsnes- og Dalasýslum”. *Árbók Ferðafélags Íslands*.

Breyðafjarðareyjar. Hjalti Kristgeirsson (ritstjóri). Reykjavík: Ferðafélag Íslands, bls. 53 - 134

Bæjartal á Íslandi (1930). Reykjavík: Póststjórinn

Fríðrik Eggerz (1950). *Úr fylgsnum fyrri aldar I*. Jón Guðnason (sá um útgáfuna). Reykjavík: Forlagið Iðunn

Fríðrik Eggerz (1952). *Úr fylgsnum fyrri aldar II*. Jón Guðnason (sá um útgáfuna). Reykjavík: Forlagið Iðunn

JÁM VI : *Jarðatal Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1938). „Dala- og Barðastrandasýsla” VI.

Bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn

Johnsen 1847: J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen

Sýslu- og sóknalýsingar: *Dalasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags*. Einar G.

Pétursson (sá um útgáfuna). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands

Þjóðsögur Jóns Árnasonar III: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason*. (1980). Árni

Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (önnuðust útgáfuna). III. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga og Prentsmiðjan Hólar

Þjóðsögur Jóns Árnasonar VI: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason*. (1980).

Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (önnuðust útgáfuna). VI. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfan

Þjóðsaga og Prentsmiðjan Hólar

Sturl I: Sturlunga saga I, Reykjavík 1946

Sturl II: Sturlunga saga II, Reykjavík 1946

Ormur Daðason (1965). *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*. Magnús Már Lárusson (útgefandi) Reykjavík:

Sögufélagið

Þorsteinn Þorsteinsson (1935). *Magnús Ketilsson sýslumaður*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan

Orri Vésteinsson (1998). „Íslenska sóknaskipulagið og samband heimila á miðöldum”. Íslenska

söguþingið 28.-31. maí 1997. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (ritstjórar).

Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, bls. 147-166

Óútgefnar heimildir.

Loftmyndir: Landmælingar Íslands

Túnakort 1918: Túnakort fyrir Akureyjar frá því 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Uppdráttur 1977: Bergsveinn Breiðfjörð Gíslason (1977). Akureyjar á Gilsfirði. 1:10000 stækkað fjórum sinnum. Teiknað eftir loftmynd. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn

Ö-Akureyjar BS: Örnefnalýsing Akureyja. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnasafn

Örnefnakort: Bergsveinn Breiðfjörð Gíslason (1977). Akureyjar á Gilsfirði. 1:10000. Teiknað eftir

loftmynd. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn

VIII. Kort

Í þessum kafla eru birt fornleifakort og örnefnakort sem ætlunin er að einnig verði aðgengileg á netinu. Fornleifakortin eru þrjú, og eru þau unnin á grunn loftljósmyndar sem fengin er hjá Landmælingum Íslands. Einnig er að finna í þessum kafla tvö örnefnakort. Er annað unnið á grunn sömu loftljósmyndar sem hér var minnst á að ofan en seinna örnefnakortið er gert af Bergsveini Breiðfjörð Gíslasyni frá 1977. Þetta eru óútgefið örnefnakort í vörslu stofnunnar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Kortið er birt hér svo til óbreytt en búið að að bæta örfáum örnefnum á hann sem voru þar ekki fyrir.


Akureyjar. Fornleifakort I



SKÝRINGAR

		Bæjarstæði
		Landbúnaðarminjar
		Sjávarminjar
		Aðrar búsetumínjar

Akureyjar. Fornleifakort II



SKÝRINGAR

◆	—	Bæjarstæði
◆	—	Landbúnaðarminjar
◆	—	Sjávarminjar
◆	—	Aðrar búsetuminjar

Akureyjar. Fornleifakort III



Björgólfsey

Helgey

Vaktarey

Björgólfsey

DA-169:027


DA-169:039

DA-169:040_

DA-169:009A


DA-169:009

DA-169:008



SKÝRINGAR

- ◆ Bæjarstæði
- ◆ Landbúnaðarminjar
- ◆ Sjávarminjar
- ◆ Aðrar búsetuminjar



Skjaldarey

Kvíguvogur

Reykhusvogur

Vörðuborg

Brunnhúsvogur

Kjóatangi

Kýrauga

Akurey-innri

Norðurhóll

Tjaldsker

Akurey-ytri

Grjóthóll

Húsahóll

Steingerður

Sótklettur

Magáll

Heyhleir
Steinka

Jón Eggertsson steinn


Gránubrekkur

Selavogur

Pórutangi

Kríutangi

Bæjarhólmi



AKUREYJAR 'A
GILSFIRÐI. 1:10 000.

Teiknað eftir loftmynd.

Apr. 1977.

(Signature)